



23-Apr-2013

SAGA 3.1.35

What's New overview

Copyright ©2013 TM Software - Heilbrigðislausnir. All rights reserved.

ADT - sjálfvirkar keyrslur

- ADT Ferlilotur - Sjálfvirk útskrift

Hægt er að útskrifa sjálfkrafa úr Ferlilotu ef engin koma er skráð innan ákveðins stillanlegs dagafjölda aftur í tímann.

Hægt er að stilla þetta tímabil í ADT sniðmátinu sem er notað þegar ferlilota er innrituð.

ac#35878,tt#47974

- Lotur

Töflurnar „Ábyrgir lækna“, „Ábyrgir hjúkrunarfræðingar“ og „Ábyrgir starfsmenn“ birta ekki lengur færslur sem tengjast lotum sem búið er að ógilda.

ac#39567,tt#50818

ADT (gaADT)

- ADT

Þegar sjúklingur er innritaður sýnir fellivallistinn „Deild“ nú fjölda lausra rúma á deildunum,

tt#38203

- ADT/Legur

Í legu-hlutann í ADT og í Legueiningunni hafa bæst við fliparnir „Ábyrgir lækna“ og „Ábyrgir hjúkrunarfræðinga“ sem sýna söguna á bak við valda legu. Í ferli-hlutanum í ADT hefur einungis bæst við einn flipi - „Ábyrgir“, sem sýnir bæði ábyrga lækna og ábyrga hjúkrunarfræðinga í einni töflu.

ac#34730,tt#47066

- ADT

Aðgerðinni „Innritun“ hefur verið bætt við efst í fellilistann sem kemur þegar hægrismellt er.

tt#47438

- ADT / Legur

Ef einungis einn valkostur er fyrir hendi í vallistanum „Ástæða leyfis“, sem birtist þegar verið er að skrá sjúkling í leyfi, þá er hann valinn sjálfkrafa. Ef fleiri valkostir eru fyrir hendi þá er hinsvegar ekkert valið sjálfkrafa til að draga úr líkum á misskráningu.

tt#47497

- Lotur

Hraðað hefur verið á virkni til að sækja ábyrgan hjúkrunarfræðing ferlis/legu, þannig að fljótlegra á nú að vera að opna ferli og legur í Lotum.

tt#47648,tt#47649

- ADT / Legur

Búið er að virkja röðunarsvæði (ORDER_NO) fyrir eftirfarandi ADT stoðtöflur: „Innlagnarmáti“ (g_group.group_int = 300), „Ástæða innlagnar“ (301), „Kringumstæður innlagnar“ (302), „Kom frá“ (303), „Flokkun sjúklinga“ (304), „Fór til“ (305), „Eftirlit eftir útskrift“ (306), „Tegund tilvísunar“ (307) „Tegundir leyfis“ (308) og „Hvernig“ (329).

Ef tvö eða fleiri atriði innan hvers lista hafa sama raðnúmer þá raðast þau í stafrófsröð innbyrðis.

ac#35628,tt#47706

- ADT

Þegar verið er að leiðrétta flutningstíma milli þjónustuflokka þá er nú einungis hægt að velja tíma fram að næstu (eða aftur að síðustu) innlögn í dvöl.



- ADT

Ef legur eru sameinaðar þá eru nú allar dvalir (og tilheyrandi staðsetningar- og starfsmannafærslur) fluttar af óvirku legunni yfir á nýju (virku) leguna, í stað þess að vera gerðar óvirkar eins og áður var.

tt#47769,tt#47770

- ADT / Legur

Í töflum sem sýna Greiningar og aðgerðir hefur dálkurinn „Dagsetning“ verið endurskírður „Skráning“, og röðun dálka breytt í „Kóði“, „Heiti“, „Aðalgreining/aðgerð“, „Kóðunarkerfi“, „Skráning“ og „Starfsmaður“

ac#35796,tt#47884

- ADT / Legur

Ef lota/lega er gerð ógild (IS_INVALID = 1) þá er henni nú jafnframt lokað á sama tíma (IS_OPEN = 0).

tt#48178,tt#48179

- ADT

Dálkarnir „Deild“, „Stofa“, „Rúm“ og „Ábyrgur hjúkrunarfræðingur“ sjást nú ekki í töflum sem koma upp þegar smelt er „Legur“ og „Ófrágengið“ undir „Þjónustuflokkur“ í forsiðumynd ADT. Þetta hraðar töluvert á þessum töflum.

Dálkarnir sjást eftir sem áður þegar legur eru skoðaðar fyrir staðsetningardeildir og lækna.

ac#36542,tt#48569,tt#48671

- Lotur

Stillingar á töflum (röðun og síur) vistast nú þegar farið er í aðrar einingar án þess að loka Lotueiningunni, þannig að sömu síurnar eru ennþá virkar þegar einingin er enduropnuð.

ac#36581,tt#48604,tt#48888

- ADT

Nú er hægt að breyta heiti framtíðarlotu og sömuleiðis er hægt að breyta heiti lotunnar óháð tegund staðsetningardeildar.

ac#36607,tt#48618,tt#50041

- ADT

Glugginn „Flytja komur milli lota“ sýnir nú ekki lengur „framtíðarlotur“, þ.e. lotur sem eru ekki byrjaðar, þannig að ekki er lengur hægt að flytja komur yfir á lotur sem hefjast í framtíðinni. Hinsvegar er aðgerðin „Flytja komur milli lota“ nú virk fyrir framtíðarlotur jafnt og venjulegar, til þess að hægt sé að flytja komur burt af framtíðarlotum hafi þær verið skráðar þar fyrir mistök.

ac#36606,tt#48670,tt#48673

- Legur

Ef innritun er eytt, t.d. ef rangur sjúklingur var innritaður, þá er staðsetningarfærslu (herbergi + rúm) nú eytt á sama tíma, þannig að ekki kemur lengur villa ef réttur sjúklingur er seinna innritaður á sama tíma og í sama rúm.

ac#36896,tt#48845,tt#48846

- Lotur

Textum á forsiðu hefur verið breytt örlítið (úr t.d. „Mínar deildir“ yfir í „Síðast valdar deildir“) til að forðast misskilning hjá notendum.

ac#37053,tt#48938

- ADT / Legur



Nú er heiti lotu einungis hreinsað ef þjónustuflokk er breytt hjá legusjúklingum. Hjá ferlisjúklingum hefur breyting á þjónustuflokk ekki áhrif á heiti lotunnar.

ac#37343,tt#49192,tt#49193

- Meðferðaskráning / Mælingar / Íhlutir - Sjúklingavali

Gerðar hafa verið breytingar á því hvernig gögn eru sótt í flipann "Mínir sjúklingar" í sjúklingavalli. Eftir breytingar tekur skemmri tíma að sækja gögnin.

ac#37753,tt#49417

- Legur/ADT

Aðgerðin "Breyta heiti lotu" notar nú tegund sjúklings (en ekki merkingu á deild) til að ákvarða hvernig leitað er í töflu GA_ADT_ADMISSION_TEMPLATE að sniðmátum.

tt#50262,tt#50263

- ADT / Legur

Þegar hætt er við áður staðfestan flutning milli legudeilda, þá er nú viðkomandi herbergis/rúmfærslunni eytt af þeirri deild sem hætt er við flutning á. Þetta þýðir að ekki sitja lengur eftir munaðarlausar staðsetningarfærslur sem geta teppt rúm þannig að ekki sé hægt að skrá sjúklinga í þau.

ac#39345,tt#50613

- ADT / Legur

Þegar sjúklingur er innritaður í legu-vist (ekki ferli) þá er tryggingaleg staða sjúklingsins uppfærð bak við tjöldin.

ac#39420,tt#50668

- Lotur / ADT

Aukadálkar sem slæddust með í töflum (númer hjúkrunarfræðings, herbergis og rúms, til viðbótar við heiti þeirra) hafa verið fjarlægðir.

ac#39566,tt#50817

ADT Innritun

- Afgreiðsla / ADT innritun

Þegar skráð er koma sem tengist ekki tímabókun og valið er að innrita í Ferli-lotu þá þarf að velja ábyrgan starfsmann. Ef sá starfsmaður hefur læknanúmer þá er það nú skráð í dálk MD_NO í T_ARRIVAL færslunni fyrir viðkomandi komu.

ac#36400,tt#48455

- Afgreiðsla / ADT útskrift

Þegar útskrift er tekin til baka í Afgreiðslu þá er athugað hvort að sjúklingurinn eigi ferlilotu sem lauk (með útskrift) á sama tíma og útskriftartíminn í komunni sem verið er að bakfæra. Ef svo er þá er útskriftin á ferlilotunni sömuleiðis bakfærð.

ac#36688,tt#48760

- ADT Innritun

Þegar notandi innritar í ferli-lotu er nú athugað hvort sjúklingurinn eigi nú þegar opið ferli (ekki útskrifað) með sama lotuheiti, sama þjónustuflokk og sömu staðsetningardeild. Ef slíkt ferli finnst þá koma skilaboð um að ekki sé leyfilegt að stofna nýtt ferli með þessum sömu forsendum heldur eigi að nota það sem þegar er til.

ac#37241,tt#49106

- Legur

Þegar sjúklingur er fluttur milli þjónustuflokka þá eru eftirfarandi gildi stillt sjálfkrafa í innritunarupplýsingum



fyrir nýju leguna: Innritunarmáti = Flutningur á milli þjónustuflokka. Hvaðan = Sama sjúkrahús. Tegund tilvísunar = Óþekkt.

ac#37376,tt#49211

- Afgreiðsla

Þegar verið er gera tímabókun á aðfangt tengt lækni, og form tímabókunarinnar er tengt ADT en margir notendur í kerfinu eru skráðir með sama læknanúmer og aðfangið er tengt við, þá er nú birtur listi yfir þessa starfsmenn og notandi krafinn um að velja einn þessara starfsmanna sem ábyrgan starfsmann. Sé aðfangið ekki tengt lækni, en innskráður notandi hefur læknanúmer þá er innskráður notandi settur sem ábyrgur. Sama gildir hér ef fleiri en einn starfsmaður hefur það læknanúmer skráð, notandi er krafinn um að velja einn þeirra starfsmanna.

ac#37953,tt#49571,tt#49573

- Innritunargluggi ADT

Heiti svæðisins „Tegund sjúklings“ breytt í „Flokkun sjúklings“

tt#49873

- ADT / Legur

Eftir breytingar á skilgreiningum frá Landlækni þá eru ekki lengur til sjúklingategundirnar "langtíma legusjúklingur" eða "skammtíma legusjúklingur". Af þessum sökum breytist nú sjúklingategundin ekki þó lok virkrar meðferðar sé skráð. Hinsvegar sést nú dagsetningin (lok virkrar meðferðar) í töflunum í bæði ADT og Legum (í dálknum „Virki meðferð lokið“).

ac#39411,tt#50663

- Legur/ADT

Þegar sjúklingur er innritaður þá er nú athugað tvisvar í ferlinu hvort að hann sé nú þegar innlagður: í byrjun innritunar og svo aftur þegar hún er staðfest. Þetta kemur í veg fyrir tvískráningu, t.d. ef notandi A byrjar að skrá innlögn en tekur sér hlé í miðju ferli og á sama tíma kemur notandi B og skráir innlögn á sama sjúkling. Ef notandi A snýr aftur og klárar innritunarferlið þá kemur nú viðvörðun í lokin og tvískráningin er ekki leyfð.

ac#39764,tt#50955

- ADT Innritun/Flutningur milli rúma

Ef öll rúm á stofu eru óvirk (ath. ekki upptekin, heldur óvirk) þá birtist stofan ekki sem möguleiki þegar verið er að skrá í rúm eða breyta rúmi.

ac#40009,tt#51218

Aðstandendaskráning

- Aðstandendaskráning

Einungis er nú hægt að skrá hvern einstakling einu sinni sem aðstandanda hjá hverjum sjúklingi. Velja skal þá aðaltengsl hans við sjúklinginn ef hann tengist honum á fleiri en einn veg.

tt#47052

- Aðstandendur - Nánasti aðstandandi

Nú er hægt að fjarlægja nánasta aðstandanda með valmyndinni sem birtist þegar hægrismellt er á aðstandendur.

ac#35273,tt#47442,tt#47474

- Aðstandendur - Nýr aðstandandi, ekki í þjóðskrá

Nú fer fókus á nafn aðstandana þegar valið er „Nýr utan þjóðskrár“

tt#47493

- Aðstandendur



Nú er hægt að breyta nafni aðstandanda sem ekki er skráður í þjóðskrá.

tt#47494

- Aðstandendaskráning

Glugganum um tengsl er sleppt þegar aðstandandi er skráður í gegnum þjóðskrá. Í staðinn er fókusinn settur á tengsl undir Upplýsingar í aðstandendaglugganum.

ac#36602,tt#48612

- Aðstandendaskráning

Dálkurinn REL_DECESED í töflunni G_RELATIVE hefur verið fjarlægður enda ekki í notkun. Upplýsingar um hvort aðstandandi sé lífs eða liðinn eru fengnar úr þjóðskrá.

tt#49758

- Aðstandendaskráning - yfirhalning

-Hætta við var fjarlægð úr uppsprettiglugga.

-Bætt hefur verið við hnöppum fyrir aðgerðirnar „Nánasti aðstandandi´´, „Má veita upplýsingar´´, „Hefur forræði´´ og „Eyða færslu´´. Þessir hnappar hafa táknmyndir og er skýringartexti birtur þegar músabendillinn er færður yfir þá.

tt#50742

- Aðstandendur

Kerfið þvingar núna að einn aðstandandi sé skráður nánasti aðstandandi. Þetta er gert þegar aðstandendaglugga er lokað. Ef aðeins einn aðstandandi er skráður er hann settur sem nánasti aðstandandi. Ef fleiri en einn er skráður er sá fyrsti settur sem nánasti.

ac#40022,tt#51230

Aðvaranir sjúklings

- Aðvaranir - uppsprettigluggi

Nú opnast aðvaranaglugginn þegar smellt er á „Yfirfara þarf stöðu ofnæmis´´.

tt#50202

- Ofnæmi - uppsprettigluggi

Nú kemur fram í uppsprettiglugga hvenær staða ofnæmis var staðfest.

tt#50203

- Aðvaranir

-Nú er hægt að óvirkja eldri ofnæmisskráningar

-Nú er hægt að skilgreina, með stilligildi 1178, hversu lengi í dögum talið staðfesting á stöðu ofnæmis er í gildi. Að þeim tíma loknum verða notendur beðnir um að yfirfara og staðfesta stöðu ofnæmis að nýju.

-Yfirheiti smitgátar hefur verið breytt í "Smitgát og einangrun"

-ESBL hefur verið bætt við í fellilista fyrir greiningar í smitgát

-Nú er hægt að skrá dagsetningu rannsóknar fyrir smitgát

ac#39287,tt#50552,tt#50553,tt#50554,tt#50555,tt#50556,tt#50557,tt#50558,tt#50559,tt#50560

- Aðvaranir

-Nú er hægt að óvirkja eldri ofnæmisskráningar



-Nú er hægt að skilgreina, með stilligildi 1178, hversu lengi í dögum talið staðfesting á stöðu ofnæmis er í gildi. Að þeim tíma loknum verða notendur beðnir um að yfirfara og staðfesta stöðu ofnæmis að nýju.

-Yfirheiti smitgátar hefur verið breytt í "Smitgát og einangrun"

-ESBL hefur verið bætt við í fellilista fyrir greiningar í smitgát

-Nú er hægt að skrá dagsetningu rannsóknar fyrir smitgát

ac#39287,tt#50552,tt#50553,tt#50554,tt#50555,tt#50556,tt#50557,tt#50558,tt#50559,tt#50560

● Aðvaranir - Skráningargluggi

„Bæta við“ hnappurinn hefur verið fjarlægður vegna þess að viðmótið í aðalglugga aðvarana uppfærði sig ekki fyrr en smellt var á „vista“ hnappinn.

tt#50732

● Aðvaranir - yfirlitssluggi

Nú teiknast valin lína í töflum fyrir aðvaranir alltaf ljósblá óháð stillingum í Windows.

ac#39538,tt#50799

● Aðvaranir - viðbætur

Atriðið „Annað“ hefur verið fjarlægt úr lista fyrir greiningar í Smitgát

tt#50871,tt#50872,tt#50873,tt#50892,tt#50903,tt#50981,tt#51022,tt#51025,tt#51027,tt#51028,tt#51030,tt#51031,tt#51039,tt#51041,tt#51075,tt#51095,tt#51204

● Aðvaranir - skráningargluggar

Titilrönd gluggans hefur verið breytt þannig að núna stendur ekki „Skráning“ á undan því sem á að skrá.

tt#50854

● Aðvaranir - viðbætur

Atriðið „Annað“ hefur verið fjarlægt úr lista fyrir greiningar í Smitgát

tt#50871,tt#50872,tt#50873,tt#50892,tt#50903,tt#50981,tt#51022,tt#51025,tt#51027,tt#51028,tt#51030,tt#51031,tt#51039,tt#51041,tt#51075,tt#51095,tt#51204

● Aðvaranir

Vinsamlegast athugið að ofnæmi sem var skráð áður en aðvaranaskráningin var endurhönnuð er túlkað sem óskilgreind aðvörðun þar til tegund þess er skráð í ofnæmisflípanum í aðvörðunum. Til þess að skrá tegund þarf að velja línuna fyrir óskilgreinda ofnæmið og skrá tegund. Ef einstaklingur er með óskilgreinda aðvörðun er það túlkað sem bráðaofnæmi þar til búið er að skrá tegund og velja stigun. Það þýðir að uppsprettiglugginn birtist í hvert sinn sem sjúklingurinn er settur sem kerfissjúklingur og bráðaofnæmisarmur snjókornsins litast.

tt#51107,tt#51108,tt#51109,tt#51110,tt#51111,tt#51112,tt#51114,tt#51115,tt#51116,tt#51138,tt#51141,tt#51145,tt#51146,tt#51147,tt#51148,tt#51220,tt#51222

● Aðvaranir

Vinsamlegast athugið að ofnæmi sem var skráð áður en aðvaranaskráningin var endurhönnuð er túlkað sem óskilgreind aðvörðun þar til tegund þess er skráð í ofnæmisflípanum í aðvörðunum. Til þess að skrá tegund þarf að velja línuna fyrir óskilgreinda ofnæmið og skrá tegund. Ef einstaklingur er með óskilgreinda aðvörðun er það túlkað sem bráðaofnæmi þar til búið er að skrá tegund og velja stigun. Það þýðir að uppsprettiglugginn birtist í hvert sinn sem sjúklingurinn er settur sem kerfissjúklingur og bráðaofnæmisarmur snjókornsins litast.

tt#51107,tt#51108,tt#51109,tt#51110,tt#51111,tt#51112,tt#51114,tt#51115,tt#51116,tt#51138,tt#51141,tt#51145,tt#51146,tt#51147,tt#51148,tt#51220,tt#51222

● Aðvaranir

Vinsamlegast athugið að ofnæmi sem var skráð áður en aðvaranaskráningin var endurhönnuð er túlkað sem óskilgreind aðvörðun þar til tegund þess er skráð í ofnæmisflípanum í aðvörðunum. Til þess að skrá tegund þarf að velja línuna fyrir óskilgreinda ofnæmið og skrá tegund. Ef einstaklingur er með óskilgreinda aðvörðun



er það túlkað sem bráðaofnæmi þar til búið er að skrá tegund og velja stígun. Það þýðir að uppsprettiglugginn birtist í hvert sinn sem sjúklingurinn er settur sem kerfissjúklingur og bráðaofnæmisarmur snjókornsins lítast.

tt#51107,tt#51108,tt#51109,tt#51110,tt#51111,tt#51112,tt#51114,tt#51115,tt#51116,tt#51138,tt#51141,tt#51145,tt#51146,tt#51147,tt#51148,tt#51220,tt#51222

- Ofnæmi og aðvaranir

Eyðublöð

Ofnæmiskafli hefur verið fjarlægður af öllum eyðublöðum. Upplýsingar úr þessum köflum verða áfram sýnilegar í textasýn. Ofnæmi skal eingöngu skrá í nýju ofnæmis og aðvaranaskráninguna framvegis.

Textasýn

Textasýn fyrir ofnæmi hefur verið uppfærð. Nú er hún eins á flipunum Persónuupplýsingar og Saga. Ofnæmi er efst og raðast eftir stígun (Bráðaofnæmi, Ofnæmi staðfest með rannsókn, Grunur um ofnæmi og Óþol. Síðan koma hinir flokkarnir á eftir í þessari röð: Smitgát, Meðferðastig, Aðrar aðvaranir, Greiningar.

Forsíða

Nú birtist bráðaofnæmi efst undir „Ofnæmi og aðvaranir“.

Afgreiðsla

Ofnæmi hefur verið hent út úr komuupplýsingum í komuflípa.

ac#40167,tt#51331

- Aðvaranir - meðferðarstig

Nú er ekki hægt að skrá dagsetningu dagáls/eyðublaðs fram í tímann.

ac#40249,tt#51390

- Aðvaranir - Aðrar aðvaranir

Nú er hægt að breyta heiti á annari aðvörun eftir að hún hefur verið skráð. Breytingin sést svo þegar breytingasaga fyrir aðvörunina er skoðuð.

tt#51700

- Aðvaranir - Yfirlitssluggi

Hakið „Sýna lýsingu“ hefur verið fjarlægt og er lýsing nú alltaf sýnd.

tt#51702

Afgreiðsla (gaSab)

- Afgreiðsla - Bráðabirgðauppgjör / Uppgjör lækna

Prófunarsjúklingar koma nú ekki lengur í bráðabirgðauppgjör og uppgjör lækna. Reikningarnir þeirra eru reyndar gerðir upp bak við tjöldin, en koma hvergi fram í útprintunum á uppgjörum.

ATH. Þetta á ekki við um raunverulega uppgjör (Crystal Reports), það hefur alltaf sleppt prófunarsjúklingum.

tt#31162

- Afgreiðsla - Útreikningur vegna greiðslu TR

Villa var við útreikning á greiðsluþáttöku TR. Núna borgar sjúklingur einungis kostnaðarupphæð ef hún er undir viðmiðunargjaldi TR.

Dæmi:

Ef kostnaður er 2100 kr og viðmiðunargjaldið er 4200 kr. Þá borgar sjúklingur bara 2100 kr. Undantekning er þó á sumum gjaldflokkum eins og fyrir börn. Þau greiða alltaf að lágmarki 690 kr.



- Afgreiðsla - Komur

Nú er hægt að tengja komu í afgreiðslu við fleiri en eina tímabókun sama dag ef stilligildi 2063 „Leyfa að tengja tímabókanir við komu sem er til“ er virkt.

tt#46865,tt#46875,tt#47690

- Afgreiðsla - Áætlun

Nú er hægt að hafa áætlanir með einni af þremur mismunandi bókunarstöðum. 'Má bóka' fyrir venjulega bókun, 'Má bóka með staðfestingu' þar sem notandinn þarf að staðfesta að hann vilji bóka og 'Má ekki bóka' þar sem notandi getur ekki bókað.

Áður var hægt að velja úr tveimur stöðum, 'Má bóka' og 'Má bóka með staðfestingu'

ac#34917,tt#47233

- Afgreiðsla - Komur

Ef stilligildi 2060 er ekki virkt, og reitirnir í flípanum „Starfsfólk“ í komuglugganum því tengdir læknum en ekki almennum starfsmönnum, er nú hægt að slá læknanúmer beint í reitina svo ekki þurfi að fara í leitargluggann ef númerið er þekkt.

tt#47335,tt#47462

- Afgreiðsla - Taka útskrift til baka

Nú er hægt að hægri smella á sjúkling sem er farinn í tímabókunum eða komum og velja Taka útskrift til baka. Ef sjúklingur er farinn þá er hann merktur sem kominn.

Gamla virknin til að taka útskrift til baka þar sem slá þurfti inn kennitölu sjúklings og velja komuna af lista er enn til staðar. Til að velja hana er ýtt á CTRL+Z á lyklaborðinu, eða farið í valmyndina Finna -> Taka útskrift til baka ...

tt#47192,tt#47369,tt#47472

- Afgreiðsla - Aðgerðir í komuflípa í hægrismellsvalmynd

Nú er hægt að framkvæma aðgerðirnar „Ný koma“, „Ný koma á valinn einstakling“ og „Taka útskrift til baka“ með því að hægri smella og velja viðeigandi aðgerð.

tt#47193,tt#47473

- Afgreiðsla

Stilligildi 2050 getur haft tvö gildi, 1 og 2, þegar það er virkt.

Fyrir uppástungur á komudagsetningu virkar það svo:

þegar gildið er 1 og tímabókun er a.m.k. dags gömul er stungið upp á bókunardagsetningu.

þegar gildið er 2 er stungið upp á bókunardagsetningu óháð því hve gömul tímabókunin er.

þegar stilligildið er óvirkt er stungið upp á núverandi dagsetningu kerfisins. Einnig ef gildið er 1 og tímabókunin er í dag.

Fyrir uppástungur á dagsetningu þegar sjúklingur fer virkar stilligildið svo:

þegar gildið er 1 og tímabókun er a.m.k. dags gömul er stungið upp á komutíma auk þá tímalengd sem tímabókunin nær yfir.

þegar gildið er 2 er stungið upp á komutíma auk þá tímalengd sem tímabókunin nær yfir óháð hve gömul tímabókunin er.

þegar stilligildið er óvirkt er stungið upp á núverandi dagsetningu kerfisins. Einnig ef gildið er 1 og tímabókunin er í dag.

ac#35329,tt#47488,tt#47495

- Afgreiðsla

Stilligildi 1162 („Hversu mörg ár er leyfilegt að skrá aftur í tímann“) er nú athugað þegar tímabókanir og



komur eru skráðar. Ef stilligildið er virkt þá er einungis leyfilegt að skrá jafn mörg ár aftur í tímann og þar kemur fram.

ac#35421,tt#47584

● Afgreiðsla

Stilligildi 2064 stýrir því hvort þess sé krafist að skráð sé eðli tilvísunar þegar tími er bókaður í Afgreiðslu og jafnframt þegar sjúklingur er merktur kominn. Það á þó einungis við um nýkomur og stýrist þá af stillingum kerfisins hvort viðvörðun sé gerð eða ekki. Það virkar á þann hátt að hægt er að stilla afgreiðsludeildir sem annaðhvort nýkomu- eða endurkomudeildir svo að þegar stilligildi 2064 er virkt þá er athugað hvort tímabókunin sé jafnframt á nýkomudeild áður en leyft er að loka tímabókunarglugga.

Einnig er hægt að stilla form tímabókana sérstaklega sem sjálfgefin nýkomu- og endurkomuform, og er sú stilling þá rétt hærrí en deildin eingöngu. Þ.e.a.s. sé afgreiðsludeild stillt sem endurkomudeild en form tímabókunarinnar sem verið er að skrá er auðkennt sem nýkoma, þá kemur viðvörðun ef tilvísun hefur ekki verið skráð þar sem stilling formsins er rétt hærrí en deildarinnar og ekki er hægt að staðfesta tímabókunina nema tilvísun sé skráð. Eins á hinn veginn, ef deild er skilgreind sem nýkomudeild, en form tímabókunar sem endurkoma, þá kemur ekki viðvörðun þótt tilvísun hafi ekki verið skráð.

Í komuglugga frumstillist skráningarsvæðið fyrir tegund komu í samræmi við stillingar deildar, eða forms tímabókunar hafi það verið skilgreint sérstaklega. Þetta hefur þó engin áhrif á það að ef í ljós kemur að sjúklingur er ekki að koma í fyrsta sinn þá er að sjálfsgöðu hægt að breyta úr nýkomu yfir í endurkomu og öfugt komi hið gagnstæða í ljós. Þegar reynt er að loka komuglugga þá er litið til skráningargildisins sem sést í glugganum, þ.e.a.s. hvort koman sé nýkoma og jafnframt stilligildis 2064 til að vita hvort skuli tryggja skráningu á tilvísun.

Lotutengd form tímabókana eru undanskilin þessari virkni.

(Ath. í útgáfu 3.1.33 var þetta stilligildi nr. 1161 en var flutt og er frá og með útgáfu 34 nr. 2064.)

Stillingar - Form tímabókana

Bætt hefur verið við stillingarmöguleika fyrir form tímabókana fyrir tegund komu. Sjálfgefin stilling er á þann veg að það fari eftir stillingum afgreiðsludeildar, en jafnframt er hægt að stilla form tímabókana þannig að þau séu annaðhvort nýkomur eða endurkomur. Sú stilling er rétt hærrí stillingu afgreiðsludeildar.

tt#47653,tt#47654,tt#47655,tt#47657,tt#47658,tt#47661,tt#47662,tt#47665,tt#47667,tt#47668,tt#47669,tt#47670,tt#47671,tt#47672,tt#47673

● Afgreiðsla

Þegar notandi velur sniðmát fyrir ferlilotu sem hann vill stofna á sjúkling þá sýnir listinn nú einnig heiti þjónustuflokks fyrir aftan heiti sniðmátsins.

ac#35783,tt#47873,tt#50052

● Afgreiðsla - Persónuupplýsingar og Aðstandendur

Persónuupplýsingar og Aðstandendur undir Saga valmyndinni taka nú mið af því hvaða sjúklingur er valinn í tímabókunarlistanum ef tímabókunarflipinn er valinn. Ef komuflipinn er valinn er tekið mið af því hvaða sjúklingur er valinn í komulistanum.

ac#35788,tt#47876,tt#47877

● Afgreiðsla - Símtöl

Farið var yfir valmöguleikana í flipunum tveimur í Afgreiðslu, tímabókanir og komur, m.t.t. þess af hvaða tegund koman er. Símtöl verður að vera hægt að gera upp á svipaðan hátt og venjulegar komur, því á þeim geta hugsanlega hangið gjaldaliðir. Því sjást þau í komuflipa. Þau hafa nú verið aðgreind frá venjulegum komum með grænum bakgrunni á móti bláum færslum venjulegu komanna (litakóðun í komulistanum er virkjuð með stilligildi 2042). Einnig eru nú einungis virkar aðgerðir sem eiga við símtöl þegar símtalafærsla er valin og komuáðgerðir þegar venjuleg koma er valin.



Þar sem símtöl eru ekki venjulegar komur þá sjást ekki upplýsingar um þau í forminu hægra megin í komuflípa. Ekki er heldur hægt að skoða upplýsingar um þau þegar farið er í gluggann „Finna komur“. Þau koma í listann en ekki er hægt að skoða þau neitt frekar.

Bætt var við færslu í listann yfir „fer / útskrifast hvert“, sem er nauðsynleg til að geta birt upplýsingar um að símtölum sé lokið í komuflípanum og sést þegar hakað er við að sjá útskrifaða. Svo lengi sem þessi færsla, sem er nr. -1 og hefur textann „Símtal lokið“, er ekki bætt á neina deild í gegnum Stillingar þá ætti hún ekki að þvælast fyrir neinum. Þessi texti kemur einnig með í „Finna komur“ gluggann.

ac#35794,tt#47894,tt#47895

● Afgreiðsla

Nú er hægt að stilla sjálfgefinn fjölda útprentaðra kvittana og afgreiðsluseðla á 0 (stilligildi 2025 og 2046) og/eða setja fjölda útprentana í innsláttarglugga niður í 0 til að ekki prentist kvittun eða afgreiðsluseðill þegar viðskiptavinur er afgreiddur. Ef kerfið er stillt þannig að innsláttargluggi fyrir fjölda kvittana kemur ekki (slökkt á stilligildi 2043) þá prentast jafnmörg eintök og stilligildin segja til um, en nú er sem sagt hægt að setja 0 til að ekkert prentist.

ac#35949,tt#48048

● Afgreiðslukerfið - Komu gluggi

Undir flípanum "Starfsfólk" er nú hægt að slá inn læknanúmer starfsmanns í fremri leit til að velja starfsmann.

ac#36269,tt#48353

● Afgreiðsla - Útprentun (ekki kvittanir)

Stilligildi 2038 hefur verið breytt svo hægt er að skrifa nokkrar tölur með kommu á milli í value, t.d. 1,5

Ef stilligildið er virkt og sjúklingur mættur gildir eftirfarandi um tölurnar:

Ef tala = 1 þá hakað við Bráðasjúkraskrá

Ef tala = 2 þá hakað við Endurkomukort

Ef tala = 3 þá hakað við Samskiptaseðil

Ef tala = 4 þá hakað við Göngudeildarnótu

Ef tala = 5 þá hakað við Límmiða

Einnig er hægt að hafa value tómt og þá er ekki hakað við neitt þegar sjúklingur er mættur.

Ef stilligildið er óvirkt og sjúklingur mættur er hakað í "Bráðasjúkraskrá" sé sjálfgefin tegund komu afgreiðsludeildarinnar "Ný koma" eða hakað í "Endurkomukort" sé sjálfgefin tegund komu afgreiðsludeildarinnar "Endurkoma".

Ef sjúklingur er ekki mættur hakast alltaf í "Minnismiði".

Ath. einungis er hakað við þá valmöguleika sem eru virkir.

ac#36270,tt#48354

● Afgreiðsla

Tveimur atriðum hægra megin í komu-flípa hefur verið breytt. Nánasti aðstandandi er nú sá sami og birtist í Persónuupplýsingum. Þriðja starfsmanninum sem tengist komu var bætt við og kallast 3. Starfsmaður ef stilligildi 2060 er virkt, annars Hjúkrunarfræðingur.

ac#36268,ac#36380,tt#48370,tt#48371

● Afgreiðsla

Í stilligildi #3028 er nú hægt að gefa upp númer þess notanda sem á að vera sjálfgefinn sem ábyrgur læknir á ný ferli (og jafnframt starfsmaður 1 á komunni) þegar verið er að skrá komu án tímabókunar. Stilligildið á að vísa í dálkinn ID í töflunni GA_USER.



Þetta stilligildið er hinsvegar aldrei notað þegar verið er að skrá tímabókun og komu í framhaldi af því - þetta er einungis virkt ef um er að ræða komu án tímabókunar.

ac#36309,tt#48383

- Afgreiðsla

Ný Bráðasjúkraskrá hefur verið tekin í notkun.

ac#36311,tt#48384,tt#48433

- Afgreiðsla

Nú er sjúklingur sem skráður er fyrir valinni komu eða tímabókun gerður að kerfissjúklingi þegar smellt er á prenta hnappinn.

ac#36345,tt#48409

- Afgreiðsla - Skrá komu og ábyrgir starfsmenn

Ef stilligildi 2016 er virkt er ábyrgur starfsmaður aðfangs skráður sem fyrsti starfsmaður komu. Ef starfsmaðurinn er með læknanúmer þá er læknanúmerið líka skráð.

Ef stilligildið er óvirk er ábyrgur læknir aðfangs skráður sem fyrsti starfsmaður komu eins og var áður.

ac#36395,tt#48451

- Afgreiðsla - Koma

Listinn yfir staðsetningu er nú raðaður eftir röðinni sem skilgreind er í gagnagrunninum.

ac#36467,tt#48531,tt#49153

- Afgreiðsla - Bráðasjúkraskrá

Búið er að gera meira bil á milli aðstandanda og rammans með lífsmörkum.

ac#36659,tt#48698,tt#48746

- Afgreiðsla - Prentun á Minnismiða

Búið er að bæta þremur dálkum við töfluna T_LIST sem heita Description, Note_Text og Phone sem eru notaðir í útprentun á Minnismiða þegar stilligildi 2061 er virkt. Ef Description dálkurinn er ekki tómur er hann notaður í stað Text til að sækja upplýsingar um heiti sjálfgefnar komudeildar aðfangs. Ef Note_text er ekki tóm er það notað í stað T_DEPARTMENT.Note_Text og ef Phone er ekki tóm er það notað í stað T_DEPARTMENT.Phone við útprentun.

Ath. að óbreytt er að stilligildi 2033 þarf að vera virkt svo Note_Text og Phone dálkarnir séu notaðir við útprentun á Minnismiða. Annars er prentað 'Minnismiði' í stað Note_Text og 'Vinsamlegast tilkynnið forföll' í stað Phone.

ac#36697,tt#48759

- Afgreiðsla - Bráðasjúkraskrá

Nafn sjúklings er nú birt efst á seinni síðunni.

ac#36823,tt#48802,tt#48827

- Afgreiðslukerfið - Tryggingaleg staða

Gluggi tryggingaleg staða birtist ekki ef búið er að athuga tryggingalega stöðu fyrir einstaklingin fyrir daginn.

tt#48929,tt#48930

- Afgreiðsla - Prentun á minnismiða

Á minnismiða prentast ekki lengur tímabókanir sem hafa verið merktar „Mætti ekki“.

ac#37100,tt#48967



- Afgreiðsla - Tímabókun

Tímalengd frumstillist ekki lengur miðað við valið form þegar lækni eða tilvísun er breytt í Ný tímabókun glugganum.

tt#49031,tt#49033,tt#49034

- Afgreiðsla - Uppgjör lækna

Ef afgreiðsludeild var valin þegar uppgjör lækna var prentað þá reiknuðust ekki saman sérfræðieiningar á öftustu síðu, heldur voru alltaf 0. Þetta hefur nú verið lagað.

Einnig var leit virkjuð í lista yfir lækna í prentglugganum, þannig að nú er hægt að slá inn nafn og listinn staðsetur sig þá eftir því sem slegið er inn.

ac#37258,tt#49161,tt#49162

- Afgreiðsla - Komuflipi

Nú er hægt að raða í stafrófsröð eftir athugasemdardálki.

ac#37369,tt#49210

- Lyfjakort / Afgreiðsla / Eyðublöð (#15, #189, #275, #9, #97, #355, #381, #529) / Ónæmisaðgerðir

Ekki er lengur birtur textinn "Annað" á þeim stöðum sem ofnæmi og aðvaranir sjúklings eru sýndar. Í staðinn er textinn sem starfsmaður hefur sett í reitinn annað til lýsingar á ofnæminu/aðvöruninni. Einnig var auka komma fjarlægð sem aðgreindi ofnæmi. Loks var bandstrik sett í í stað kommu á undan Mapping kóða þar sem hann er birtur.

ac#37374,tt#49213

- Afgreiðsla - Afsláttarkort

Ef stilligildi 2059 er virkt (Athuga trygginalegasstöðu hjá SÍ) að þá athugar Saga ekki hvort afsláttarkortið er útrunnið.

ac#37201,tt#49255,tt#49256

- Einungis er hægt að skuldfæra á virk fyrirtæki og því þarf að vera möguleiki á að virkja fyrirtæki sem hefur verið eytt en er til í kerfinu (active = 0)

Þegar hakað er í "Óvirk" er fenginn listi yfir þau fyrirtæki sem hefur verið eytt.

Hægt er að virkja fyrirtæki með því að styðja á hnappinn "Virkja". Fyrirtækið færast á yfir í listann yfir virk fyrirtæki og hægt er að velja það úr listanum til að skuldfæra á.

tt#49275

- Afgreiðsla - Reikningur fyrir símtöl

Nú kemur ekki lengur upp villa ef afgreiðsluglugganum er lokað án þess að prenta þegar verið er að vinna með símtal.

tt#49306,tt#49519

- Afgreiðsla / Lotur

Ef komutíma lotutengdrar komu er breytt í Afgreiðslu þá er viðkomandi færsla nú uppfærð í Lotum til þess að komutíminn sé eins í báðum einingunum. Hið sama á við ef komu er breytt í Lotum: þá er athugað hvort samsvarandi komufærsla finnist í Afgreiðslu og komutíma hennar breytt til samræmis.

ac#37601,tt#49315

- Afgreiðsla - Aðfangalisti

Nú er það aðfang sem er valið í listanum alltaf sýnilegt.

ac#37630,tt#49327

- Afgreiðsla



Bráðasjúkraskrá hefur verið uppfærð skv. óskum bráðasviðs LSH.

ac#38067,tt#49696

- Afgreiðsla - Form tímabókunar

Nú er hægt að skilgreina form tímabókunar fyrir komudeildir auk afgreiðsludeilda ef stilligildi 2034 er virkt. Það er gert í Stillingar, Form tímabókunar. Þar er hægt að skilgreina á hvaða komudeildum form tímabókunar eru. Það er gert í nýskráningar/breytingarglugganum fyrir form tímabókunar.

Ef tímabókun er bókuð á aðfang sem er tengt við komudeild eru þau form tímabókunar sem er tengd komudeildinni birt. Ef komudeild aðfangs hefur engin form tímabókunar eða ef aðfangið hefur ekki komudeild þá eru form tímabókunar fyrir afgreiðsludeild birt eins og áður.

Ef stilligildi 2034 er óvirkt virkar kerfið eins og áður, þ.e. form tímabókunar eru alltaf tengd afgreiðsludeild.

ac#38344,tt#49955

- Afgreiðsla

Nú er hægt að breyta gjaldaliðum á reikningi þó búið sé að ganga frá honum ef sjúklingur er ekki útskrifaður úr komunni. Ef gjaldaliður er settur á komu og smelt er á ganga frá og síðan er hætt við útskrift þá er enn hægt að breyta gjaldaliðnum. Þetta er virkjað með stilligildi 2067 og virkar einungis ef stilligildi 2039 er virkt.

ac#38829,tt#50266

- Afgreiðsla - prenta bráðasjúkraskrá

Svæðið fyrir verki hefur verið breikkað lítillega og svæðið fyrir GCS minnkað sem því nemur.

ac#39472,tt#50689

- Afgreiðslukerfi - tímabókanir

Villa sem kom þegar troðið var í tímabókun hefur verið löguð. Villan lýsir sér þannig að glugginn til að velja á milli tímabókana birtist aftur og aftur uns kerfið fór á hliðina.

ac#39562,tt#50810

- Afgreiðsla

Nýtt stilligildi (2068) sem stjórnar því hvort spurt sé hvort afrita skuli athugasemdir tímabókunar með þegar tímabókun er afrituð. Sé stilligildið virkt þá er "Já" sjálfgefni möguleikinn við spurningunni. Þetta hefur engin áhrif á það þegar tímabókun er klippt.

ac#39734,tt#50942

- Afgreiðsla - Komur og velja kerfissjúkling

Nú er búið að laga villu þar sem ekki var hægt að setja valinn sjúkling á komulistanum sem kerfissjúkling.

ac#40140,tt#51321

- ADT Inritun/Útskrift

Stilligildi #2069 stýrir því nú hvort bannað sé að innrita í nýtt ferli ef þegar er til ferli með sama heiti, sérgrein og staðsetningardeild. Þetta er nú einungis kannað (og ný-innritun bönnuð, ef slíkt ferli finnst) ef stilligildið er virkt.

tt#51537

- Afgreiðsla

Nýtt stilligildi 2070 til að stjórna sjálfgefnum stillingum við útprentun á tímabókun þegar einstaklingur hefur ekki verið merktur kominn.

Sé stilligildi óvirkt þá er sjálfgefið að prenta minnismiða eins og áður var.

Stilligildi 2070 hefur samskonar virkni og stilligildi 2038 sem er fyrir útprentun á komum í afgreiðslu.

- Afgreiðsla - Bráðasjúkraskrá

Bætt hefur verið við 2 atriðum í haus auk þess sem letrið í haus hefur verið gert svart til samræmis við annað á blaðinu. Atriðin sem bætt var við eru:

- Komudagur og tími, á milli Sími og Komuástæða.
- Læknir, þar mun læknir skrifa nafnið sitt.

ac#40744,tt#51678

- Afgreiðsla - Útprintun á Bráðasjúkraskrá

Nú prentast EP ef búið er að staðfesta að sjúklingur á ekkert ofnæmi.

ac#40757,tt#51691

Afritanir inn á læknabréf

- Eyðublöð

Eftirfarandi breytingar/viðbætur hafa verið gerðar á afritun inn á Læknabréf #12:

- Allar dagsetningar eru nú á forminu DD.MM.YYYY (t.d. „01.02.2011" í stað „1.2.2011")
- Tvípunktur kemur nú fyrir aftan tímabil legu (t.d. „Lega: 09.02.2011 - 10.02.2011:" til að það prentist feitiletrað
- Sjúkdsómsgreiningar, Aðgerðir og Rannsóknir prentast fast upp við millifyrirsögnina, ekki kemur lengur auð lína milli fyrirsagnar og kóða.
- Sjúkdsómsgreiningar, Aðgerðir og Rannsóknir prentast fremst í línu en eru ekki inndregnar um 2 stafabil
- Innihald (Nóta) úr Útskriftarnótu #13 er nú afritað neðst í kaflann „Innihald" á læknabréfinu með millifyrirsögn „Útskrift:"
- Pre-op mat kemur nú með tvípunkti fyrir aftan til að það prentist feitiletrað

ac#35972,tt#48074,tt#48075

- Eyðublöð

Afritunum inn á Læknabréf #12 hefur verið breytt til að meðhöndla fæðingartilkygningar #167 sérstaklega.

Fyrst eru kaflarnir „Afbrigði fæðingar móður" og síðan „Aðrar sjúkdómsgreiningar móður" afritaðar inn í greiningar, og þvínæst er kaflinn „Íhlutir/meðferð/aðgerðir í fæðingu" afritaður inn í Aðgerðir.

Athugið að nauðsynlegt er að Fæðingartilkygningar séu skráðar í stilligildi 1037 til þess að afritað sé af þeim inn á Læknabréfið.

ac#35998,tt#48104,tt#48220

- Eyðublað

Þegar aðgerða/meðferða kóðar eru afritaðir af Útskriftarnótu inn á Læknabréf þá er nú athugað hvort sami aðgerða/meðferða kóði komi fyrir á Aðgerðarlýsingu fyrir sjúklinginn. Ef svo er þá er sóttur undirritaður starfsmaður af Aðgerðalýsingunni í stað Útskriftarnótunnar. Athugið að Útskriftarnótur hafa þó ennþá forgang fram yfir Aðgerðalýsingar þegar verið er að afrita.

Ennfremur er nú sleppt að bæta textanum "Aðgerð: dd.mm.áá" framan við Pre-Op mat ef eingöngu er verið að afrita frá einni Aðgerðalýsingu.

ac#37145,tt#49024

- Eyðublöð

Þegar afritað er inn á Læknabréf #12 (greiningar, aðgerðir og meðferðir) þá helst nú athugasemdartexti í HÁSTÖFUM óbreyttur.

ac#37847,tt#49454



- Eyðublað

Fyrir kemur að sjúklingur fari nokkrum sinnum í sömu aðgerðina í sömu legunni, og því hefur afritun inn á Læknabréf #12 verið breytt þannig að alltaf eru allir aðgerðakóðar úr aðgerðalýsingum afritaðir: ekki er lengur síað frá ef sami aðgerðakóðinn kemur fyrir oftari en einu sinni.

Afritun á öðrum kóðum (greiningum og meðferðum) er hinsvegar óbreytt og þar eru kóðar einungis afritaðir einu sinni þó t.d. sama greining sé skráð á mörgum aðgerðalýsingum.

ac#37884,tt#49505

- Eyðublað

Þegar afritað er af NOMESKO inn á Bráðamóttökuskrá #418 þá er nú texti sem fyrir er yfirskrifaður í stað þess að bætt sé við fyrir aftan hann.

tt#50352

- Eyðublað

Afritun af Aðgerðalýsingu #11 inn á Læknabréf #186 (framkvæmd með "A" hnappinum) hefur verið breytt þannig að kóðar úr Sjúkdómsgreiningarkafli á Aðgerðalýsingunni afritast nú inn á Sjúkdómsgreiningarkafli á Læknabréfinu í stað þess að afritast inn í textasvæðið eins og fyrr. Sömuleiðis eru kóðar frá Aðgerðakafli á Aðgerðalýsingunni nú afritaðir inn á Aðgerðakafli á Læknabréfinu í stað textasvæðisins.

ac#38966,tt#50376

- Eyðublöð

Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á afritun og útprentun á eyðublöðunum Læknabréf (#12) og Útskriftarnóta (#13).

Læknabréf #12:

- Kóðar (sjúkdómsgreiningar, aðgerðir/meðferðir og rannsóknir) eru ekki lengur afritaðir yfir í textabálkinn „Innihald“ heldur í sérstaka kóðakafli.
- Kóðakafli „Sjúkdómsgreiningar“ sýnir nú „Annar texti, kemur í staðin fyrir heiti í stuttri útprentun“ sem er sóttur frá Útskriftarnótu eða Aðgerðalýsingu (var áður birtur í „Innihald“).
- Kóðakafli „Aðgerðir“ heitir nú „Aðgerðir / Meðferðir / Rannsóknir“ og birtir „Annar texti, kemur í staðin fyrir heiti í stuttri útprentun“, „Dagsetning“ og „Starfsmaður“ (voru áður birtir í „Innihald“).
- Útprentun prentar nú nýju kóðakafli fyrst og svo „Innihald“.

Útskriftarnóta #13:

- Kóðakafli „Aðgerðir/Meðferðir“ hefur verið fjarlægður af blaðinu.
- Í staðinn fyrir „Athugasemdir“ í Greiningarkafli stendur nú „Annar texti, kemur í staðin fyrir heiti í stuttri útprentun“ til samræmis við önnur blöð.

ac#39976,tt#51208

- Eyðublað

Nú er hægt að afrita af Dagdeildarskrá #442 inn á Læknabréf #186.

ac#40918,tt#51808,tt#51924

Askja (OLAP)

- Askja

Núverandi útgáfa Öskju virkar áfram þótt ný útgáfa sé komin af Sögu.

tt#50922

Atvikaskráning



● Atvikaskráning

Í einingunni „Atvikaskráning“ er hægt að skrá atvik sem sjúklingar verða fyrir og flokkast sem óhappatilvik, mistök, vanræksla eða annað sem veldur (eða hefði getað valdið) sjúklingi tjóni eða haft áhrif á meðferð hans að öðru leyti.

Askja - Skýrslur

Nokkrar skýrslur hafa verið búnar til sem taka út helstu skráningaratriði og gefa yfirlit yfir stöðu atvika innan stofnunarinnar. Þær eru:

- Staða atvika eftir dögum
- Atvik skráð á tímabili
- Atvik eftir dögum og dagshlutum, alvarleika og yfirflokki
- Atvik eftir stöðu, alvarleika og yfirflokki
- Atvik eftir alvarleika, stöðu og yfirflokki
- Atvik eftir yfirflokki, alvarleika og stöðu
- Yfirlit yfir atvik
- Yfirlit yfir atvik - annað
- Yfirlit yfir afleiðingar

Handbók lýsir nánar hvaða skilyrði liggja að baki hverri skýrslu, þ.m.t. röðun sem er t.d. stundum fyrirfram ákveðin og stundum í algengisröð. Ein skýrsla hefur verið aðlöguð sérstaklega að sjálfvirkum sendingum, það er skýrslan „Atvik skráð á tímabili - sjálfvirk keyrsla“ en hún sést almennt ekki í lista yfir skýrslur. Hún hefur sjálfgefið tímabil ein vika í stað eins mánaðar og þarf að setja upp á ákveðinn hátt ásamt stillingum fyrir sjálfvirkar sendingar. Hafið samband við þjónustudeild TM Software heilbrigðislausna til að fá leiðbeiningar eða aðstoð við uppsetningu.

Ekki er öll starfsemi heilbrigðisstofnana eins á landsvísu og viðbúið að vaktir byrji og endi ekki endilega á sama tíma. Skýrslan „Atvik eftir dögum og dagshlutum, alvarleika og yfirflokki“ flokkar atvik eftir dagshlutum sem skilgreindir eru því á hverjum stað fyrir sig. Dæmi um dagshluta eru dagvakt, kvöldvakt og næturvakt eða morgunn, eftirmiðdagur, kvöld og nótt. Þetta má skilgreina að vild skv. ákveðinni grunnreglu sem er lýst hér á eftir, en vinsamlegast hafið samband við þjónustudeild TM Software heilbrigðislausna til að fá aðstoð við uppsetningu þessara skilgreininga, a.m.k. í fyrsta sinn sem það er gert.

Grunnregla við skilgreiningu dagshluta er sú að einn dagshluti tekur við af öðrum án þess að skarast. Þetta þýðir að ef dagvakt er t.d. frá 07:30 til 15:30 og kvöldvakt frá 15:30 - 23:30, þá er skilgreiningin gerð á eftirfarandi hátt: Dagvakt: 07:30 - 15:29; kvöldvakt: 15:30 - 23:30 o.s.frv. Annars kemur villa við gagnainnlestur.

Askja - Gagnateningur

Hægt er að draga gögn saman á margvíslegan hátt í Excel með því að tengjast gagnateningi sem inniheldur allar lykilupplýsingar úr atvikaskráningu.

tt#49009,tt#49010,tt#49011,tt#49012,tt#49013,tt#49014,tt#49015,tt#49016,tt#49017,tt#49018,tt#49019,tt#49020,tt#49021,tt#49990,tt#50210,tt#51281,tt#51511

● Atvikaskráning

Í einingunni „Atvikaskráning“ er hægt að skrá atvik sem sjúklingar verða fyrir og flokkast sem óhappatilvik, mistök, vanræksla eða annað sem veldur (eða hefði getað valdið) sjúklingi tjóni eða haft áhrif á meðferð hans að öðru leyti.

Askja - Skýrslur

Nokkrar skýrslur hafa verið búnar til sem taka út helstu skráningaratriði og gefa yfirlit yfir stöðu atvika innan

stofnunarinnar. Þær eru:

- Staða atvika eftir dögum
- Atvik skráð á tímabili
- Atvik eftir dögum og dagshlutum, alvarleika og yfirflokki
- Atvik eftir stöðu, alvarleika og yfirflokki
- Atvik eftir alvarleika, stöðu og yfirflokki
- Atvik eftir yfirflokki, alvarleika og stöðu
- Yfirlit yfir atvik
- Yfirlit yfir atvik - annað
- Yfirlit yfir afleiðingar

Handbók lýsir nánar hvaða skilyrði liggja að baki hverri skýrslu, þ.m.t. röðun sem er t.d. stundum fyrirfram ákveðin og stundum í algengisröð. Ein skýrsla hefur verið aðlöguð sérstaklega að sjálfvirkum sendingum, það er skýrslan „Atvik skráð á tímabili - sjálfvirk keyrsla“ en hún sést almennt ekki í lista yfir skýrslur. Hún hefur sjálfgefið tímabil ein vika í stað eins mánaðar og þarf að setja upp á ákveðinn hátt ásamt stillingum fyrir sjálfvirkar sendingar. Hafið samband við þjónustudeild TM Software heilbrigðislausna til að fá leiðbeiningar eða aðstoð við uppsetningu.

Ekki er öll starfsemi heilbrigðisstofnana eins á landsvísu og viðbúið að vaktir byrji og endi ekki endilega á sama tíma. Skýrslan „Atvik eftir dögum og dagshlutum, alvarleika og yfirflokki“ flokkar atvik eftir dagshlutum sem skilgreindir eru því á hverjum stað fyrir sig. Dæmi um dagshluta eru dagvakt, kvöldvakt og næturvakt eða morgunn, eftirmiðdagur, kvöld og nótt. Þetta má skilgreina að vild skv. ákveðinni grunnreglu sem er lýst hér á eftir, en vinsamlegast hafið samband við þjónustudeild TM Software heilbrigðislausna til að fá aðstoð við uppsetningu þessara skilgreininga, a.m.k. í fyrsta sinn sem það er gert.

Grunnregla við skilgreiningu dagshluta er sú að einn dagshluti tekur við af öðrum án þess að skarast. Þetta þýðir að ef dagvakt er t.d. frá 07:30 til 15:30 og kvöldvakt frá 15:30 - 23:30, þá er skilgreiningin gerð á eftirfarandi hátt: Dagvakt: 07:30 - 15:29; kvöldvakt: 15:30 - 23:30 o.s.frv. Annars kemur villa við gagnainnlestur.

Askja - Gagnateningur

Hægt er að draga gögn saman á margvíslegan hátt í Excel með því að tengjast gagnateningi sem inniheldur allar lykilupplýsingar úr atvikaskráningu.

tt#49009,tt#49010,tt#49011,tt#49012,tt#49013,tt#49014,tt#49015,tt#49016,tt#49017,tt#49018,tt#49019,tt#49020,tt#49021,tt#49990,tt#50210,tt#51281,tt#51511

● Atvikaskráning

Í einingunni „Atvikaskráning“ er hægt að skrá atvik sem sjúklingar verða fyrir og flokkast sem óhappatilvik, mistök, vanræksla eða annað sem veldur (eða hefði getað valdið) sjúklingi tjóni eða haft áhrif á meðferð hans að öðru leyti.

Askja - Skýrslur

Nokkrar skýrslur hafa verið búnar til sem taka út helstu skráningaratriði og gefa yfirlit yfir stöðu atvika innan stofnunarinnar. Þær eru:

- Staða atvika eftir dögum
- Atvik skráð á tímabili
- Atvik eftir dögum og dagshlutum, alvarleika og yfirflokki
- Atvik eftir stöðu, alvarleika og yfirflokki
- Atvik eftir alvarleika, stöðu og yfirflokki
- Atvik eftir yfirflokki, alvarleika og stöðu
- Yfirlit yfir atvik
- Yfirlit yfir atvik - annað
- Yfirlit yfir afleiðingar



Handbók lýsir nánar hvaða skilyrði liggja að baki hverri skýrslu, þ.m.t. röðun sem er t.d. stundum fyrirfram ákveðin og stundum í algengisröð. Ein skýrsla hefur verið aðlöguð sérstaklega að sjálfvirkum sendingum, það er skýrslan „Atvik skráð á tímabili - sjálfvirk keyrsla" en hún sést almennt ekki í lista yfir skýrslur. Hún hefur sjálfgefið tímabil ein vika í stað eins mánaðar og þarf að setja upp á ákveðinn hátt ásamt stillingum fyrir sjálfvirkar sendingar. Hafið samband við þjónustudeild TM Software heilbrigðislausna til að fá leiðbeiningar eða aðstoð við uppsetningu.

Ekki er öll starfsemi heilbrigðisstofnana eins á landsvísu og viðbúið að vaktir byrji og endi ekki endilega á sama tíma. Skýrslan „Atvik eftir dögum og dagshlutum, alvarleika og yfirflokki" flokkar atvik eftir dagshlutum sem skilgreindir eru því á hverjum stað fyrir sig. Dæmi um dagshluta eru dagvakt, kvöldvakt og næturvakt eða morgunn, eftirmiðdagur, kvöld og nótt. Þetta má skilgreina að vild skv. ákveðinni grunnreglu sem er lýst hér á eftir, en vinsamlegast hafið samband við þjónustudeild TM Software heilbrigðislausna til að fá aðstoð við uppsetningu þessara skilgreininga, a.m.k. í fyrsta sinn sem það er gert.

Grunnregla við skilgreiningu dagshluta er sú að einn dagshluti tekur við af öðrum án þess að skarast. Þetta þýðir að ef dagvakt er t.d. frá 07:30 til 15:30 og kvöldvakt frá 15:30 - 23:30, þá er skilgreiningin gerð á eftirfarandi hátt: Dagvakt: 07:30 - 15:29; kvöldvakt: 15:30 - 23:30 o.s.frv. Annars kemur villa við gagnainnlestur.

Askja - Gagnateningur

Hægt er að draga gögn saman á margvíslegan hátt í Excel með því að tengjast gagnateningi sem inniheldur allar lykilupplýsingar úr atvikaskráningu.

tt#49009,tt#49010,tt#49011,tt#49012,tt#49013,tt#49014,tt#49015,tt#49016,tt#49017,tt#49018,tt#49019,tt#49020,tt#49021,tt#49990,tt#50210,tt#51281,tt#51511

● Atvikaskráning -----

Í einingunni „Atvikaskráning" er hægt að skrá atvik sem sjúklingar verða fyrir og flokkast sem óhappatilvik, mistök, vanræksla eða annað sem veldur (eða hefði getað valdið) sjúklingi tjóni eða haft áhrif á meðferð hans að öðru leyti.

Askja - Skýrslur

Nokkrar skýrslur hafa verið búnar til sem taka út helstu skráningaratriði og gefa yfirlit yfir stöðu atvika innan stofnunarinnar. Þær eru:

- Staða atvika eftir dögum
- Atvik skráð á tímabili
- Atvik eftir dögum og dagshlutum, alvarleika og yfirflokki
- Atvik eftir stöðu, alvarleika og yfirflokki
- Atvik eftir alvarleika, stöðu og yfirflokki
- Atvik eftir yfirflokki, alvarleika og stöðu
- Yfirlit yfir atvik
- Yfirlit yfir atvik - annað
- Yfirlit yfir afleiðingar

Handbók lýsir nánar hvaða skilyrði liggja að baki hverri skýrslu, þ.m.t. röðun sem er t.d. stundum fyrirfram ákveðin og stundum í algengisröð. Ein skýrsla hefur verið aðlöguð sérstaklega að sjálfvirkum sendingum, það er skýrslan „Atvik skráð á tímabili - sjálfvirk keyrsla" en hún sést almennt ekki í lista yfir skýrslur. Hún hefur sjálfgefið tímabil ein vika í stað eins mánaðar og þarf að setja upp á ákveðinn hátt ásamt stillingum fyrir sjálfvirkar sendingar. Hafið samband við þjónustudeild TM Software heilbrigðislausna til að fá leiðbeiningar eða aðstoð við uppsetningu.

Ekki er öll starfsemi heilbrigðisstofnana eins á landsvísu og viðbúið að vaktir byrji og endi ekki endilega á sama tíma. Skýrslan „Atvik eftir dögum og dagshlutum, alvarleika og yfirflokki" flokkar atvik eftir dagshlutum sem skilgreindir eru því á hverjum stað fyrir sig. Dæmi um dagshluta eru dagvakt, kvöldvakt og næturvakt eða morgunn, eftirmiðdagur, kvöld og nótt. Þetta má skilgreina að vild skv. ákveðinni grunnreglu sem er lýst



hér á eftir, en vinsamlegast hafið samband við þjónustudeild TM Software heilbrigðislausna til að fá aðstoð við uppsetningu þessara skilgreininga, a.m.k. í fyrsta sinn sem það er gert.

Grunnregla við skilgreiningu dagshluta er sú að einn dagshluti tekur við af öðrum án þess að skarast. Þetta þýðir að ef dagvakt er t.d. frá 07:30 til 15:30 og kvöldvakt frá 15:30 - 23:30, þá er skilgreiningin gerð á eftirfarandi hátt: Dagvakt: 07:30 - 15:29; kvöldvakt: 15:30 - 23:30 o.s.frv. Annars kemur villa við gagnainnlestur.

Askja - Gagnateningur

Hægt er að draga gögn saman á margvíslegan hátt í Excel með því að tengjast gagnateningi sem inniheldur allar lykilupplýsingar úr atvikaskráningu.

tt#49009,tt#49010,tt#49011,tt#49012,tt#49013,tt#49014,tt#49015,tt#49016,tt#49017,tt#49018,tt#49019,tt#49020,tt#49021,tt#49990,tt#50210,tt#51281,tt#51511

● Miðlægur atvikaskráningargrunnur

Miðlægur atvikaskráningargrunnur hefur verið fluttur af SQL Server yfir á Oracle og persónuupplýsingar hafa verið dulkóðaðar.

tt#51302,tt#51752,tt#51766

● Atvikaskráning -----

Í einingunni „Atvikaskráning“ er hægt að skrá atvik sem sjúklingar verða fyrir og flokkast sem óhappatilvik, mistök, vanræksla eða annað sem veldur (eða hefði getað valdið) sjúklingi tjóni eða haft áhrif á meðferð hans að öðru leyti.

Askja - Skýrslur

Nokkrar skýrslur hafa verið búnar til sem taka út helstu skráningaratriði og gefa yfirlit yfir stöðu atvika innan stofnunarinnar. Þær eru:

- Staða atvika eftir dögum
- Atvik skráð á tímabili
- Atvik eftir dögum og dagshlutum, alvarleika og yfirflokki
- Atvik eftir stöðu, alvarleika og yfirflokki
- Atvik eftir alvarleika, stöðu og yfirflokki
- Atvik eftir yfirflokki, alvarleika og stöðu
- Yfirlit yfir atvik
- Yfirlit yfir atvik - annað
- Yfirlit yfir afleiðingar

Handbók lýsir nánar hvaða skilyrði liggja að baki hverri skýrslu, þ.m.t. röðun sem er t.d. stundum fyrirfram ákveðin og stundum í algengisröð. Ein skýrsla hefur verið aðlöguð sérstaklega að sjálfvirkum sendingum, það er skýrslan „Atvik skráð á tímabili - sjálfvirk keyrsla“ en hún sést almennt ekki í lista yfir skýrslur. Hún hefur sjálfgefið tímabil ein vika í stað eins mánaðar og þarf að setja upp á ákveðinn hátt ásamt stillingum fyrir sjálfvirkar sendingar. Hafið samband við þjónustudeild TM Software heilbrigðislausna til að fá leiðbeiningar eða aðstoð við uppsetningu.

Ekki er öll starfsemi heilbrigðisstofnana eins á landsvísu og viðbúið að vaktir byrji og endi ekki endilega á sama tíma. Skýrslan „Atvik eftir dögum og dagshlutum, alvarleika og yfirflokki“ flokkar atvik eftir dagshlutum sem skilgreindir eru því á hverjum stað fyrir sig. Dæmi um dagshluta eru dagvakt, kvöldvakt og næturvakt eða morgunn, eftirmiðdagur, kvöld og nótt. Þetta má skilgreina að vild skv. ákveðinni grunnreglu sem er lýst hér á eftir, en vinsamlegast hafið samband við þjónustudeild TM Software heilbrigðislausna til að fá aðstoð við uppsetningu þessara skilgreininga, a.m.k. í fyrsta sinn sem það er gert.

Grunnregla við skilgreiningu dagshluta er sú að einn dagshluti tekur við af öðrum án þess að skarast. Þetta þýðir að ef dagvakt er t.d. frá 07:30 til 15:30 og kvöldvakt frá 15:30 - 23:30, þá er skilgreiningin gerð á



eftirfarandi hátt: Dagvakt: 07:30 - 15:29; kvöldvakt: 15:30 - 23:30 o.s.frv. Annars kemur villa við gagnainnlestur.

Askja - Gagnateningur

Hægt er að draga gögn saman á margvíslegan hátt í Excel með því að tengjast gagnateningi sem inniheldur allar lykilupplýsingar úr atvikaskráningu.

tt#49009,tt#49010,tt#49011,tt#49012,tt#49013,tt#49014,tt#49015,tt#49016,tt#49017,tt#49018,tt#49019,tt#49020,tt#49021,tt#49990,tt#50210,tt#51281,tt#51511

Biðlisti (gaWaitingList)

● Meðferðarbiðlisti - Breytingar á Biðlista, Eyðublöðum og Afgreiðslu

Eyðublað - Beiðni um meðferð / rannsókn (#377)

„Beiðni um meðferð / rannsókn" (#377) hefur tekið talsverðum stakkaskiptum.

„Biðlistadeild" heitir nú „Deild viðtakanda" og er valin úr lista yfir deildir sem auðkenndar eru sem meðferðarbiðlistadeildir í Kerfisumsjón. Það val ræður nú einnig framhaldinu. Mögulegar meðferðir eru skilgreindar í listum, sem mögulegt er að tengja á hverja deild fyrir sig. Þetta er ekki breyting í sjálfu sér, en nú er það ekki lengur innskráningardeild sem ræður því hvaða listi kemur, heldur „Deild viðtakanda" eins og áður sagði. Sama gildir um listana fyrir staðsetningu meðferðar og afdrif.

Kerfisstjóri má ekki breyta listunum sem fyrir eru, heldur verður að afrita listana sem voru notaðir á innskráningardeildinni sem beiðnin tilheyrir og gera svo breytingar á þeim, á nýju listanúmeri. Þetta er mikilvægt svo skráningar í beiðnum sem eru nú þegar til með gömlum gildum ruglist ekki.

Ef stilligildi 1168 er virkt og enginn texti er skráður, er „Deild viðtakanda" sjálfkrafa sett sem deildin sem notandi er skráður inn á þegar beiðnin er búin til, en ef gildið er útfyllt með auðkenni deildar þá stillist „Deild viðtakanda" sjálfkrafa á þá deild. Nauðsynlegt er að umrædd deild sé meðferðarbiðlistadeild, annars gerist ekkert.

Nýrri stöðu var bætt við: „Ný beiðni". Sjá Biðlisti og Afgreiðsla.

Ef stilligildi 147 er virkt mega aðrar deildir en "Deild viðtakanda" breyta stöðu beiðni, annars ekki.

Köflum var umrætt. „Tilvísandi aðili" er kominn ofarlega á blaðið og „Samband við sjúkling" var fært neðst.

„Senda"-hnappurinn staðfestir beiðnina og sendir hana á „Deild viðtakanda" sé hún ekki sú sama og innskráningardeildin. Ef beiðni er breytt eftir staðfestingu og sjúklingi vísað á aðra deild, þá er blaðið afturkallað af deildinni sem upphaflega var valin.

Ekki er hægt að staðfesta beiðnina nema ákveðnar upplýsingar séu skráðar:

- „Deild viðtakanda" verður alltaf að velja.
- Ef stilligildi 151 er virkt þá verður að skrá „Tilvísandi aðila"
- Ef stilligildi 148 er virkt þá verður að velja greiningu.

ATH. Til að beiðni sjáist á meðferðarbiðlista verður hún að vera staðfest. Það þarf því alltaf að muna að staðfesta beiðnina þegar búin er að fylla hana út (eða „Senda" á deild viðtakanda, sem er sama virkni).

Þegar búin er að tengja beiðni við tímabókun og henni er breytt, þá er ekki hægt breyta stöðu eða meðferðarupplýsingum.

Ef beiðni er eytt (eftir að henni hefur verið breytt) eða hún gerð ógild, þá er athugað hvort til séu tengd svör og tengsl þeirra rofin.

Meðferðarbiðlisti

Á meðferðarbiðlista sjást nú einungis staðfestar beiðnir. Að öðrum kosti er ekki hægt að tryggja að þær séu í því ástandi sem marktækt er. Þær beiðnir sem voru óstaðfestar við uppfærslu voru staðfestar vélrænt og aðgerðin skráð í ferilsögu beiðnanna sem um ræðir. Þetta gæti hins vegar þýtt að einhverjar þeirra séu ekki útfylltar til fulls, hafi starfsmaður skilið við þær í miðju kafi. Hann getur þó alltaf breytt þeim og klárað.

Beiðnir í stöðunni „Ný beiðni“ eru auðkenndar með fjólublárrí tákmynd. Til að sjúklingur detti raunverulega inn á biðlista deildarinnar þarf sérstaklega setja hann á biðlista með því að smella á hnappinn með bláa blaðinu. Annars telst meðferðarbeiðnin ekki fullsamþykkt og kemur ekki fram í listum yfir beiðnir sem tengja má meðferðarþætti við. Einungis beiðnir í stöðunni „Á biðlista“ og „Innkallaður“ sjást t.d. í Afgreiðslu þegar tímabókun er tengd beiðni, og „Klínískt rannsóknarsvar“ (#411) og „Taugarannsóknir“ (#339) er ekki hægt að tengja sem lokasvar nema beiðnin sé í vinnslu, þ.e.a.s. „Á biðlista“, „Innkallaður“ eða „Í meðferð“.

Skerpt hefur verið á flæði milli staðna í meðferðarbiðlista. Ekki er t.d. hægt að bakka úr því að vera „Í meðferð“ og setja aftur beint „Á biðlista“ eða sem „Ný beiðni“. Taka þarf eitt skref í einu, þar sem breyting á stöðu getur haft víðtæk áhrif í kerfinu. Sem fyrr er heldur ekki hægt að ljúka meðferð án þess að vera raunverulega skráður í meðferð.

Hafi notandi aðgang bæði að venjulegum biðlistadeildum og meðferðarbiðlistadeildum þá sér hann bæði biðlistaflípan og meðferðarbiðlistaflípan í Biðlista. Í fellivallistanum eru þá nöfn þeirra deilda sem hann hefur aðgang að og falla undir skilgreiningu biðlista eða meðferðarbiðlista, eftir því hvor flípan er valinn. Sé valin deild ekki bæði biðlistadeild og meðferðarbiðlistadeild, þá tæmist biðlistinn við að flakka á milli flípa og engin deild verður sjálfvalin.

Afgreiðsla

Ef notandi er skráður inn á meðferðarbiðlistadeild og til er staðfest beiðni í stöðunni „Á biðlista“ eða „Innkallaður“ á sjúkling sem hann er að bóka tíma fyrir, er notandi spurður hvort hann vilji tengja beiðni við tímabókun. Ef fleiri en ein beiðni kemur til greina getur hann valið á milli.

Ef stilligildi 2066 er virkt er einnig tekið tillit til þess hvort fyrirhuguð meðferð sem skráð er á beiðnina er í boði hjá viðkomandi aðfangi. Kerfisstjóri þarf að stilla það í gagnagrunninum. Hann getur þá tínt til meðferðir úr meðferðalista hvaða deildar sem er og blandað þeim saman eftir þörfum.

Ef stilligildi 2066 er EKKI virkt þá einskorðast beiðnirnar sem til greina koma við að notandi sé skráður inn á „Deild viðtakanda“ eða deildina sem beiðnin var búin til á og að hún sé í annarri hvorri áður nefndri stöðu.

Ef beiðni er tengd tímabókun fer hún í stöðuna „Innkallaður“. Þegar einstaklingur mætir þá fer beiðnin í stöðuna „Í meðferð“. Ef hætt er við komu er stöðu ekki breytt, einstaklingur er áfram „Í meðferð“.

Ef tímabókun er klippt þá er tenging við beiðni rofin og notandi þarf að velja hana aftur ef tímabókun er límd á ný. Stöðu er ekki breytt við að klippa.

Ef sjúklingur mætir ekki þá er tenging við beiðni rofin. ATH. Ef búið er að afrita tímabókun einstaklingsins og límt er áður en búið er að skrá að einstaklingur hafi ekki mætt, þá er ekki búið að rjúfa tengingu við beiðni og hún kemur þá ekki í listanum yfir mögulegar beiðnir til að tengja við. Athugið líka að stöðu tengdrar beiðni er ekki breytt svo að ef hún er komin í stöðuna „Í meðferð“ þá mun hún ekki birtast í listanum. Til að hún birtist aftur í Afgreiðslu þarf að breyta beiðni handvirkt í Eyðublöðum eða fara í Biðlista og breyta stöðu þar.

Eyðublöð - Taugarannsóknir (#339) og Klínískt rannsóknarsvar (#411)



Í staðinn fyrir að afrita af síðustu Beiðni um meðferð (#377) sem var sýnileg á deildinni, þá er nú hægt að velja beiðni úr lista til að tengja svarið við. Áfram gildir að þegar svarið er staðfest, þá er tengd beiðni merkt „Meðferð lokið“.

Ef svari er breytt þá er spurt hvort skuli setja tengda beiðni aftur í stöðuna „Í meðferð“. Sé svari eytt eða það gert ógilt þá er gefinn kostur á að hætta við ef tengd beiðni finnst, en sé kosið að halda áfram þá er einnig spurt hvort skuli færa beiðnina í stöðuna „Í meðferð“ hafi meðferð verið lokið.

ac#31483,ac#32739,ac#33494,ac#34389,tt#44414,tt#45701,tt#46149,tt#46801,tt#47383,tt#47384,tt#47385,tt#49481

● Biðlisti / Eyðublað

Þegar Aðgerðalýsing (#11) er stofnuð þá kemur upp gluggi sem leyfir notanda að velja við hvaða Innlagnarbeiðni (#9) sjúklingsins á að tengja Aðgerðalýsinguna. Þessi virkni - að tengja hverja Aðgerðalýsingu við ákveðna Innlagnabeiðni - gerir það að verkum að Biðlistinn sýnir ávallt rétta stöðu (þ.e. Innlagnarbeiðnir sem ekki er búið að gera Aðgerðalýsingu fyrir) alveg óháð því í hvaða lotum/samskiptum eyðublaðin eru stofnuð né í hvaða tímaröð það var framkvæmt.

Það er ekki nauðsynlegt að velja Innlagnarbeiðni fyrir Aðgerðalýsinguna: hægt en að stofna „ótengdar“ Aðgerðalýsingar með því að velja „Hætta við“ í glugganum, en hafi Innlagnarbeiðni á annað borð verið valin þá er ekki hægt að „aftengja“ Aðgerðalýsinguna síðar meir nema eyða henni. Hægt er að tengja margar Aðgerðalýsingar við hverja Innlagnabeiðni; hinsvegar getur hver Aðgerðalýsing einungis tengst einni Innlagnabeiðni.

Í stilligildi #1164 er hægt að skrá hversu marga daga aftur í tímann á að leita að Innlagnarbeiðnum þegar notandinn velur beiðni til að tengja við Aðgerðalýsinguna. Sjálfgefið gildi er 365 dagar.

ac#32927,tt#47379,tt#47380,tt#47464,tt#48263

● Eyðublað - Innlagnarbeiðni (#9)

Með stilligildi 142 er nú hægt að stýra því hvort að skylt sé að skrá tilvísandi aðila á Innlagnarbeiðni (#9) áður en hún er staðfest. Ef gildið er ekki virkt þá kemur eingöngu aðvörðun en notanda er leyft að halda áfram, kjósi hann að skilja tilvísandi aðila eftir óútfylltan.

tt#47528,tt#47529

● Eyðublað - Innlagnarbeiðni (#9)

Stöðu eða innlagnardeild á innlagnarbeiðni (#9) má að öllu jöfnu ekki breyta nema notandi sé skráður inn á deild viðtakanda sem skilgreind er á beiðninni. Með því að virkja stilligildi nr. 145 er notendum annarra deilda gert kleift að breyta þessum upplýsingum, sama hvaða deild þeir eru skráðir inn á.

tt#48681,tt#48683

● Meðferðarbiðlisti

Upplýsingar um nánasta aðstandanda eru nú í aðskildar hver í sínum dálki, svo hægt er að fela þá eftir þörfum. Að auki hefur netfangi hans verið bætt við sem dálki í listann.

ac#36842,tt#48812

● Eyðublað

Ef stilligildi #1164 er gert óvirkt þá er ekki boðið upp á að tengja Innlagnarbeiðni við Aðgerðalýsingu þegar Aðgerðalýsingin er stofnuð.

ac#37331,tt#49245,tt#49246

● Meðferðarbiðlisti - Breytingar á Biðlista, Eyðublaðum og Afgreiðslu

Eyðublað - Beiðni um meðferð / rannsókn (#377)

„Beiðni um meðferð / rannsókn" (#377) hefur tekið talsverðum stakkaskiptum.

„Biðlistadeild" heitir nú „Deild viðtakanda" og er valin úr lista yfir deildir sem auðkenndar eru sem meðferðarbiðlistadeildir í Kerfisumsjón. Það val ræður nú einnig framhaldinu. Mögulegar meðferðir eru skilgreindar í listum, sem mögulegt er að tengja á hverja deild fyrir sig. Þetta er ekki breyting í sjálfu sér, en nú er það ekki lengur innskráningardeild sem ræður því hvaða listi kemur, heldur „Deild viðtakanda" eins og áður sagði. Sama gildir um listana fyrir staðsetningu meðferðar og afdrif.

Kerfisstjóri má ekki breyta listunum sem fyrir eru, heldur verður að afrita listana sem voru notaðir á innskráningardeildinni sem beiðnin tilheyrir og gera svo breytingar á þeim, á nýju listanúmeri. Þetta er mikilvægt svo skráningar í beiðnum sem eru nú þegar til með gömlum gildum ruglist ekki.

Ef stilligildi 1168 er virkt og enginn texti er skráður, er „Deild viðtakanda" sjálfkrafa sett sem deildin sem notandi er skráður inn á þegar beiðnin er búin til, en ef gildið er útfyllt með auðkenni deildar þá stillist „Deild viðtakanda" sjálfkrafa á þá deild. Nauðsynlegt er að umrædd deild sé meðferðarbiðlistadeild, annars gerist ekkert.

Nýrri stöðu var bætt við: „Ný beiðni". Sjá Biðlisti og Afgreiðsla.

Ef stilligildi 147 er virkt mega aðrar deildir en "Deild viðtakanda" breyta stöðu beiðni, annars ekki.

Köflum var umrædd. „Tilvísandi aðili" er kominn ofarlega á blaðið og „Samband við sjúkling" var fært neðst.

„Senda"-hnappurinn staðfestir beiðnina og sendir hana á „Deild viðtakanda" sé hún ekki sú sama og innskráningardeildin. Ef beiðni er breytt eftir staðfestingu og sjúklingi vísað á aðra deild, þá er blaðið afturkallað af deildinni sem upphaflega var valin.

Ekki er hægt að staðfesta beiðnina nema ákveðnar upplýsingar séu skráðar:

- „Deild viðtakanda" verður alltaf að velja.
- Ef stilligildi 151 er virkt þá verður að skrá „Tilvísandi aðila"
- Ef stilligildi 148 er virkt þá verður að velja greiningu.

ATH. Til að beiðni sjáist á meðferðarbiðlista verður hún að vera staðfest. Það þarf því alltaf að muna að staðfesta beiðnina þegar búin er að fylla hana út (eða „Senda" á deild viðtakanda, sem er sama virkni).

Þegar búin er að tengja beiðni við tímabókun og henni er breytt, þá er ekki hægt breyta stöðu eða meðferðarupplýsingum.

Ef beiðni er eytt (eftir að henni hefur verið breytt) eða hún gerð ógild, þá er athugað hvort til séu tengd svör og tengsl þeirra rofin.

Meðferðarbiðlisti

Á meðferðarbiðlista sjást nú einungis staðfestar beiðnir. Að öðrum kosti er ekki hægt að tryggja að þær séu í því ástandi sem marktækt er. Þær beiðnir sem voru óstaðfestar við uppfærslu voru staðfestar vélrænt og aðgerðin skráð í ferilsögu beiðnanna sem um ræðir. Þetta gæti hins vegar þýtt að einhverjar þeirra séu ekki útfylltar til fulls, hafi starfsmaður skilið við þær í miðju kafi. Hann getur þó alltaf breytt þeim og klárað.

Beiðnir í stöðunni „Ný beiðni" eru auðkenndar með fjólublárrí tákmynd. Til að sjúklingur detti raunverulega inn á biðlista deildarinnar þarf sérstaklega setja hann á biðlista með því að smella á hnappinn með bláa blaðinu. Annars telst meðferðarbeiðnin ekki fullsamþykkt og kemur ekki fram í listum yfir beiðnir sem tengja má meðferðarþætti við. Einungis beiðnir í stöðunni „Á biðlista" og „Innkallaður" sjást t.d. í Afgreiðslu þegar tímabókun er tengd beiðni, og „Klínískt rannsóknarsvar" (#411) og „Taugarannsóknir" (#339) er ekki hægt að tengja sem lokasvar nema beiðnin sé í vinnslu, þ.e.a.s. „Á biðlista", „Innkallaður" eða „Í meðferð".

Skerpt hefur verið á flæði milli staðna í meðferðarbiðlista. Ekki er t.d. hægt að bakka úr því að vera „Í meðferð" og setja aftur beint „Á biðlista" eða sem „Ný beiðni". Taka þarf eitt skref í einu, þar sem breyting



á stöðu getur haft víðtæk áhrif í kerfinu. Sem fyrr er heldur ekki hægt að ljúka meðferð án þess að vera raunverulega skráður í meðferð.

Hafi notandi aðgang bæði að venjulegum biðlistadeildum og meðferðarbiðlistadeildum þá sér hann bæði biðlistaflipann og meðferðarbiðlistaflipann í Biðlista. Í fellivallistanum eru þá nöfn þeirra deilda sem hann hefur aðgang að og falla undir skilgreiningu biðlista eða meðferðarbiðlista, eftir því hvor flipinn er valinn. Sé valin deild ekki bæði biðlistadeild og meðferðarbiðlistadeild, þá tæmist biðlistinn við að flakka á milli flipa og engin deild verður sjálfvalin.

Afgreiðsla

Ef notandi er skráður inn á meðferðarbiðlistadeild og til er staðfest beiðni í stöðunni „Á biðlista“ eða „Innkallaður“ á sjúkling sem hann er að bóka tíma fyrir, er notandi spurður hvort hann vilji tengja beiðni við tímabókun. Ef fleiri en ein beiðni kemur til greina getur hann valið á milli.

Ef stilligildi 2066 er virkt er einnig tekið tillit til þess hvort fyrirhuguð meðferð sem skráð er á beiðnina er í boði hjá viðkomandi aðfangi. Kerfisstjóri þarf að stilla það í gagnagrunninum. Hann getur þá tínt til meðferðir úr meðferðalista hvaða deildar sem er og blandað þeim saman eftir þörfum.

Ef stilligildi 2066 er EKKI virkt þá einskorðast beiðnirnar sem til greina koma við að notandi sé skráður inn á „Deild viðtakanda“ eða deildina sem beiðnin var búin til á og að hún sé í annarri hvorri áðurnefndri stöðu.

Ef beiðni er tengd tímabókun fer hún í stöðuna „Innkallaður“. Þegar einstaklingur mætir þá fer beiðnin í stöðuna „Í meðferð“. Ef hætt er við komu er stöðu ekki breytt, einstaklingur er áfram „Í meðferð“.

Ef tímabókun er klippt þá er tenging við beiðni rofin og notandi þarf að velja hana aftur ef tímabókun er límd á ný. Stöðu er ekki breytt við að klippa.

Ef sjúklingur mætir ekki þá er tenging við beiðni rofin. ATH. Ef búið er að afrita tímabókun einstaklingsins og límt er áður en búið er að skrá að einstaklingur hafi ekki mætt, þá er ekki búið að rjúfa tengingu við beiðni og hún kemur þá ekki í listanum yfir mögulegar beiðnir til að tengja við. Athugið líka að stöðu tengdrar beiðni er ekki breytt svo að ef hún er komin í stöðuna „Í meðferð“ þá mun hún ekki birtast í listanum. Til að hún birtist aftur í Afgreiðslu þarf að breyta beiðni handvirkt í Eyðublöðum eða fara í Biðlista og breyta stöðu þar.

Eyðublöð - Taugarannsóknir (#339) og Klínískt rannsóknarsvar (#411)

Í staðinn fyrir að afrita af síðustu Beiðni um meðferð (#377) sem var sýnileg á deildinni, þá er nú hægt að velja beiðni úr lista til að tengja svarið við. Áfram gildir að þegar svarið er staðfest, þá er tengd beiðni merkt „Meðferð lokið“.

Ef svari er breytt þá er spurt hvort skuli setja tengda beiðni aftur í stöðuna „Í meðferð“. Sé svari eytt eða það gert ógilt þá er gefinn kostur á að hætta við ef tengd beiðni finnst, en sé kosið að halda áfram þá er einnig spurt hvort skuli færa beiðnina í stöðuna „Í meðferð“ hafi meðferð verið lokið.

ac#31483,ac#32739,ac#33494,ac#34389,tt#44414,tt#45701,tt#46149,tt#46801,tt#47383,tt#47384,tt#47385,tt#49481

● Eyðublað - #9 og #377

Reiturinn fyrir nánasta aðstandana í persónuupplýsinga-partinum í blöðunum "Beiðni um meðferð" og "Innlagnarbeiðni" hefur verið uppfærður til samræmis við reitinn í Persónuupplýsingaglugganum. Upplýsingum um tengsl og símanúmer hefur verið bætt við.

ac#37896,tt#49509

● Biðlisti



Dálkinum Afdrif hefur verið bætt við griddið í flípanum Meðferð. Í þeim dálki birtast sömu upplýsingar og í svæðinu Afdrif á eyðublaðinu „Beiðni um meðferð / rannsókn“ (#377).

ac#37897,tt#49513

- Biðlisti

Nú er hægt að breyta heitum flípanna "Biðlisti" og "Meðferð" per deild með stilligildum 1175 og 1176.

ac#39264,tt#50535

- Biðlisti

Í fellilista yfir aðgengilegar deildir í biðlista eru nú listaðar allar biðlistadeildir sem notandi hefur aðgang að gegnum hlutverk sín, jafnvel þótt notandi hafi ekki aðgang að neinni einingu á viðkomandi deild og geti því ekki skráð sig inn á þá deild. Áður þurfti starfsmaður að hafa aðgang að biðlistum á biðlistadeildinni til að sjá deildina í fellistanam.

ac#39316,tt#50601

Dagbók sjúklings

- Dagbók - Bókun í dagbók.

Nú breytist dagur til í sama dag og dagur frá þegar dagur frá er valinn í skráningarglugganum fyrir bókun í dagbók.

tt#47501

- Meðferð - Dagbók

Skráningarglugga fyrir dagbók hefur verið breytt. Hann styður nú raðbókanir og heilsdags atburði.

tt#47502

Dagplan deildar

- Meðferð - Dagplan sértækt

Nú er sjálfgefið ekki hakað við neinn einstakling í 'Prenta' reitnum

ac#36203,tt#48614

- Meðferð - Almenn dagplan

Nú sjást sjúklingar á þeirri deild sem er valin í deildarlistanum óháð því hvort um er að ræða staðsetningardeild eða þjónustuflokk.

tt#49879,tt#49880

- Meðferðarskráning - Dagplan sjúklings

Nú er hægt að þysja út og fella saman grúppaða dálka í dagplani með örvahnöppum í tólastiku.

ac#38770,tt#50246

- Meðferð - Dagplan

Villa sem kom þegar þysjað var inn og út með örvalyklum hefur verið löguð.

ac#39410,tt#50656

- Meðferð - Almenn dagplan deildar

Fyrirspurn hefur verið hröðuð með því að skipta út kalli í GETDATE fyrir SYSDATE.

ac#40628,tt#51584

eMR Komponentar

- Starfsmenn - Leitarskilyrði



Nú þarf að slá inn leitaraskilyrði þegar starfsmaður er valinn í undrskriftir og lotur.

ac#35131,tt#47357

● Eyðublöð - Leit að tegund eyðublaða

Þegar leitað er að tegund eyðublaðs, t.d. þegar stofna á nýtt eyðublað, þá leitast eftir hluta úr streng. T.d. leit að "bréf" skilar öllum eyðublöðum sem innihalda orðið "bréf".

ac#36271,tt#48352,tt#50056

● Eyðublöð - Vandaliðun

Nú er hægt að haka við vandaliðunarreiti í einni línu með því að draga músina lárétt. Áður þurfti að velja fleiri en eina línu til að það væri hægt.

ac#37061,tt#48959,tt#48960

● Eyðublöð - flýtitextar

Flýtitexta í stórum textasvæðum er nú hægt að skilgreina allt að 4000 stöfum í stað 2000 áður. Áfram gilda þó lengdartakmarkanir hvers innsláttarreits fyrir sig.

ac#37057,tt#48961

● Eyðublöð - Senda blað

Deild/Sérgrein listinn er nú í stafrófsröð í Senda eyðublað glugganum.

ac#37178,tt#49053,tt#49054

● Bókanir og stofnun samskipta aftur í tímann.

Stillingildi 1102 er nú notað í staðinn fyrir stillingildi 1162 til að ákveða hversu mörg ár aftur í tímann má stofna færslur.

ac#37255,tt#49157

● Eyðublöð og afgreiðsla - Sjúklingaskrá/þjóðskrá

Útlit leitargluggi fyrir sjúklingaskrá og þjóðskrá hefur verið uppfært og gagnagrunnskipanir eru ekki lengur jafn þungar við ákveðnar aðstæður.

ac#37273,tt#49177

● Kóðaleit - Lyfjaleit

Nú er greiðslupátttaka SÍ sýnileg fyrir lyf í lyfjaleit.

ac#38414,tt#49939

● Glugginn sem býr til samskipti út frá sniðmáti

Nú kemur aðvörun ef reynt er að skrá dagsetningu fram í tímann eða meira en X ár aftur í tímann og þarf notandi að staðfesta að hann vilji halda áfram með skráninguna. X ákvarðast af stillingildi 1102.

tt#50703

● Eyðublað

Búið er að breikka töluvert gluggann sem birtist þegar eyðublað er sent og viðtakandi valinn, þannig að jafnvel lengstu nöfn + starfsheiti ættu að rúmast innan gluggans.

ac#39643,tt#50881

● Persónuupplýsingar

Bæst hefur við hnappur sem leyfir notendum að hafa samband við SÍ og uppfæra tryggingalega stöðu sjúklings hvenær sem þörf er á.



tt#50901

- Eyðublöð

Ef notandi velur að undirrita og senda eyðublað á ritara. Þá er nú hægt að velja notendur sem eru með notendaflokkunina 9 eða 17 (sjá skilgreiningu í ga_user_type_desc)

ac#39776,tt#50979

- Almennt

Þegar leitað er að starfsmönnum er nú hægt að leita eftir hluta úr nafni, auk þess sem há/lágstafir skipta ekki máli við leit.

ac#39785,tt#50983

- Kóðaleit

Möguleikinn á að einskorða leit við forgangsheiti í sjúkdómsgreiningum í kóðunarkerfinu ICD-10 er nú bundin við hlutverk sem stillt eru með stilligildi 48. Hægt er að telja þar upp auðkenni þeirra hlutverka sem geta einskorðað leit við forgangsheiti, aðrir fá staðlaða útgáfu kóðunarkerfisins til að leita í. Ef engin hlutverk eru skilgreind fá allir staðlaða útgáfu, sama hvort gildið er virkt eður ei. Hafi notandi hlutverk sem talið er upp í stilligildi 48 á einhverri deild dugir það til að virkja þennan möguleika og skiptir þá ekki máli þótt hann sé skráður inn á einhverri annarri deild.

ac#39954,tt#51330

- Eyðublöð

Lagfært útlit uppsprettiglugga fyrir flýtitexta

tt#51450

- Almennt

Breytingar sem gerðar voru samkvæmt verkbeiðni 39785 ("Þegar leitað er að starfsmönnum er nú hægt að leita eftir hluta úr nafni, auk þess sem há/lágstafir skipta ekki máli við leit.") hafa verið teknar til baka.

tt#51772

Eyðublað

- Eyðublað - Lyfseðill (#187) / Lyfseðill læknavektar (#292)

Lyfseðill reiknar nú út endingartíma ef tíðni er skráð „vesp.“ (að kvöldi) eða „f. svefn“. Hann er þá reiknaður út eins og „á dag“.

ac#8393,tt#44206,tt#47475

- Eyðublað - Taugarannsóknir (#339) / Klínískt rannsóknarsvar (#411)

Afritun inn á Taugarannsóknir (#339) eða Klínískt rannsóknarsvar (#411) af Beiðni um meðferð / rannsókn (#377) hefur verið breytt þannig að nú afritast eingöngu af staðfestum beiðnum. Ef tengsl hafa myndast við beiðni með afritun þá er staða beiðninnar uppfærð í „Meðferð lokið“ og lokadagur meðferðar settur sem undirskriftardagsetning svarsins.

ac#32742,tt#45570

- Eyðublöð

Nýju blaði "Tilvísun til þroska- og hegðunarstöðvar" #441 hefur verið bætt við.

ac#34823,tt#47191,tt#47760

- Eyðublað - (or) Göngudeildarnóta (#58)

Textasvæði (or) Göngudeildarnótu (#58) hefur verið stækkað svo nú kemst meiri texti í svæðið.

ac#34891,tt#47202

- Eyðublöð - Samskiptaseðill (EB193) - Flýtitextar - Margar greiningar



Nú er hægt að setja margar greiningar á Samskiptaseðil - Flýtitextar og vandaliða þær við úrlausnir eins og á venjulegum samskiptaseðli (EB36)

ac#34929,ac#35311,tt#47245,tt#47458

- Eyðublöð - Samskiptaseðill (EB36)

Nú ætti ekki lengur að koma villa við ákveðnar aðstæður þegar verið er að eyða greiningu af samskiptaseðli.

ac#35313,tt#47469,tt#47470

- Eyðublöð - Beiðni um blóðrannsókn (#221)

Aðsetur undirritaðs starfsmanns við útprentun er nú alltaf sótt út frá upprunaupplýsingum beiðninnar, en ekki stofnun þess notanda sem skráður er inn þegar beiðnin er prentuð.

ac#35429,tt#47603,tt#47604

- Eyðublöð - Rafrænar fæðingartilkynningar

Núna sést rafræn slóð fyrir sendingar á fæðingartilkynningum í eyðublaðaeiningunni. Birtist í gulum borða fyrir ofan eyðublaðið.

tt#47749,tt#47785

- Eyðublað - Umsókn um styrk - kaup á næringarefni/sérfaði (#338)

Leiðrétting á heimilisfangi fyrir Sjúkratryggingar Íslands á eyðublaði.

ac#35862,tt#47972,tt#47973

- Eyðublöð - Bráðasjúkraskrá (EB6)

Nú yfirskrifar afritun af Nomesko blaði það sem stendur í Sögu kaflanum á bráðasjúkraskrá.

ac#35968,tt#48065,tt#48066

- Eyðublað - TR-V lækni meðferð erlendis (EB335)

Breytingar framkvæmdar á eyðublaði. Textasvæði undir greiningum fjarlæggt ásamt breytingum á texta við nánari lýsingu á sjúkdómsgreiningum.

Fyrirsögnin „Fyrir tryggingaryfirlæknir“ breytt í „Fyrir tryggingarlækni“.

ac#35966,tt#48096

- Eyðublað - Samskiptaseðill v/ sykursýki (#399)

HbA1c gildi sem skráð voru í kaflann „Sykursýki - greining og flokkun“ og áttu í hlut við greiningu einstaklingsins komu í mælingaglugga í stað mælinga sem fram fóru í viðkomandi heimsókn og skráð voru í kaflann „Áhættumat - hjarta- og æðasjúkdómar“. Sama gilti um mælingar á tilfallandi blóðsykri. Þetta hefur nú verið skýrt aðskilið svo mælingaglugginn birtir eingöngu gildin úr áhættumatskaflanum. Gildin í greiningarkaflanum hafa verið auðkennd sem "upphafsmælingar" þar sem þau afritast alltaf milli heimsókna og eru því ekki núgildandi mælingar nema í fyrsta sinn. Þegar Textasýn er skoðuð kemur þetta glögg fram.

ac#36005,tt#48120,tt#48122

- Eyðublöð

Þegar smellt er á „Afrita“ hnappinn í Læknabréfi #12 kemur nú upp valgluggi þar sem notandi getur valið um að afrita fyrir framan eða aftan eldri textann eða þá að yfirskrifa hann alveg.

ac#36035,tt#48137,tt#48138

- Eyðublöð: Göngudeildarnóta (#58)

Við útprentun þarf notandi nú að velja þá viðtakendur sem skulu fá eyðublaðið útprentað. Þetta er gert því hægt að senda viðtakendum læknabréfið rafrænt.

ac#36022,tt#48139,tt#48193



- Eyðublað - Klínískt rannsóknarsvar (#411)

Bætt var við stilligildi nr. 2065 sem stýrir hvaða upplýsingar prentast í haus sérútprentunar fyrir Klínískt rannsóknarsvar (#411). Ef gildið er óvirkt þá prentast nafn innskráningardeildar efst til hægri eins og áður, en ef gildið er virkt þá prentast einnig form samskiptanna sem blaðið tilheyrir fyrir neðan nafn innskráningardeildar.

ac#36037,tt#48147,tt#48228

- Eyðublöð - Klínískt rannsóknarsvar (#411)

Nú kemur sama melding og kemur í Áliti sérfræðings - svarblað (#164) þegar reynt er að staðfesta án þess að tengja svarið við beiðni sem er Beiðni um meðferð/rannsókn (#377) í klínísku rannsóknarsvari: "Svar er ekki tengt neinni beiðni. Enginn póstur verður sendur"

ac#36036,tt#48166,tt#48244

- Eyðublöð

Þegar greiningar eru afritaðar inn á Læknabréf #12 er fyrst reynt að afrita greiningar frá Útskriftarnótu (upprunadeild skiptir ekki máli). Ef hún finnst þá eru ekki afritaðar greiningar frá fleiri stöðum, en annars eru afritaðar greiningar frá Aðgerðalýsingum (fyrst frá Aðgerðalýsingum með sömu upprunadeild og Læknabréfið, síðan öðrum Aðgerðalýsingum).

ac#36050,tt#48152,tt#48180

- Eyðublöð

Ef í útprentun á Læknabréfi #3 eða #12 birtast tvær undirskriftir (t.d. deildarlæknir og sérfræðingur) og eyðublaðið hefur verið rafrænt undirritað, þá birtist textinn „Rafræn undirskrift“ nú við þann aðila sem raunverulega undirritaði eyðublaðið.

ac#36084,tt#48192,tt#48209

- Lyfjakort - Lyfjaendurnýjun

Ef mörg lyf eru endurnýjuð í einu en eru með sitt hvora greininguna að þá stofnast aðeins einn samskiptaseðill með mörgum greiningum.

ac#36147,ac#36378,tt#48301,tt#48302

- Eyðublað

Þegar „Aðrar sjúkdómsgreiningar móður“ eru afritaðar af Fæðingartilkyningu #167 yfir á Læknabréf #12 þá eru nú einungis ICD-10 kóðar afritaðir. Greiningar með öðrum kóðum, s.s. ICPC, eru ekki afritaðar yfir á Læknabréfið.

ac#36336,tt#48406

- Eyðublöð - Lyfseðlar (EB187 og EB292)

Nú kemur línan 'Lyfseðill sendur rafrænt' í ferilsögu lyfseðla sem hafa verið sendir rafrænt.

ac#36389,tt#48436,tt#48437

- Eyðublað - Hjúkrunarbréf #85

Sjúkdómsgreiningu hefur verið bætt við prentun.

ac#36387,tt#48453,tt#48454

- Eyðublöð - Bráðasjúkraskrá (#6)

Þegar afritað er með N-hnapp inn á Bráðasjúkraskrá kemur ekki lengur auka tóm lína neðst sem var þess valdandi að auka bili kom í slysadeildarbréf (#3) þegar er afritað var bráðasjúkraskránni.

tt#48482

- Eyðublöð - Bráðasjúkraskrá (#6)



Afritun á ofnæmi með því að smella á O-hnapp eða N-hnapp skrifar nú alltaf yfir það sem var fyrir.

ac#36382,tt#48483

● Eyðublöð - (or) Læknabréf (EB12) - Afrita lyfjakort

Takinn til að afrita lyfjakort (L) í Innihald kaflana er ekki lengur sýnilegur ef eyðublaðið er ekki lengur í umsjón notanda.

tt#48532

● Eyðublöð - NOMESKO - Slysaskráning

Ef stilligildi 1167 er virkt þá er ekki hægt að skrá tímasetningu slyss fram í tímann.

ac#36518,tt#48550

● Eyðublað #186 - Læknabréf

Nú hefur nafni stofnunar verið bætt við í heimilisfang þeirra sem fá afrit af læknabréfinu.

Áður birtust upplýsingar um afritshafa á eftirfarandi hátt

Jón Jónsson, Lyflækningar
Þönglabakka 1 og 6
109 Reykjavík

nú birtast þær svona:

Jón Jónsson, Lyflækningar
Læknasetrið ehf, Þönglabakka 1 og 6
109 Reykjavík

ac#36459,tt#48552

● Eyðublöð - Blóðskykursmælingar

Hægt er að skrá hærra tölugildi en 30 í blóðsykur. Hámarkið er komið í 50

ac#36563,tt#48587

● Eyðublöð - Klínískt rannsóknarsvar (#411)

Köflunum Afrit og Sjúkdómsgreiningar hefur verið bætt við. Í útprintun var nokkrum atriðum breytt: Fyrsti stafurinn í samskiptaformi er hástafur, ef dvalarstaður er Heima er sleppt að prenta dvalarstað og röð atriða í útprintun var breytt.

ac#36589,tt#48600

● Eyðublaðaeining - Útprintun

Í sérútprintun á (or) Aðgerðalýsing #11, (or) Göngudeildarnóta #58, (er) Bréf og greinargerðir #75, Klínískt rannsóknarsvar #411 og Bráðamóttökuskrá #418 kemur undirskrift einkennend með rafrænni undirskrift ef svo hefur verið gert.

ac#36590,tt#48601

● Eyðublað / Vinnulisti

Breytingar hafa verið gerðar á gagnavistun í beiðnapottinum (eyðublöð #45 og #164 ásamt virkni í flípanum „Beiðni“ í Vinnulista): í stað þess að nota CREATE_DATE úr S_SHEET_MASTER sem dagsetningarsvæði, og NUMBER_4 í sömu töflu til að geyma númer deilda sem beiðni var send á, eru nú notuð svæðin SIGN_DATE og NUMBER_10 til þess að auðveldara sé að lykla fyrirspurnir.

Öll ytri virkni sem snýr að notendum er óbreytt.

ac#36608,tt#48613,tt#48626

● Eyðublöð - Göngudeildarnóta (#58)



Ekki er lengur gert ráð fyrir línu í útprentun fyrir athugasemd við greiningu og meðferð ef engin athugasemd er skráð.

ac#36840,tt#48811

● Eyðublöð - (or) Læknabréf (EB12)

Hægt er að skrá sérfræðing á læknabréfið. Það kemur sjálfkrafa ábyrgur læknir í þeirrar lotu sem blaðið er skráð í.

Þessi reitur kemur sem undirskrift í útprentun.

ac#36957,tt#48878

● Eyðublað

Þegar afritað er með B-hnappi inn á Slysadeildarbréf #3 og óvart valin röng Bráðasjúkraskrá og afritunin síðan endurtekin og rétt Bráðasjúkraskrá valin þá eru nú gömlu kóðakaflarnir „Greiningar“ og „Meðferðir“ yfirskrifaðir líkt og gert er í Innihaldskaflanum.

ac#37050,tt#48937

● Eyðublöð - Meðferðarseðill #322

Stillingildi 150 hefur verið bætt við. Þegar það er virkt opnast kóðaleitin fyrir Ástæðu komu, Meðferðir og Einkenni á Starfsmannakorti. Áður var Sjúklingakort fyrir Ástæðu og Meðferðir og Leit fyrir Einkenni. Athugið að ef enginn kóði er á starfsmannakorti birtist kóðaleitin á Leit en ekki Starfsmannakorti fyrir Einkenni.

ac#37272,tt#49169

● Eyðublað - Enskt læknabréf (#297)

Breyting á textanum "To whom it may concern"

Textinn birtist einungis ef ekki hefur verið skráður viðtakandi eyðublaðsins.

ac#37410,tt#49232

● Eyðublað - Bráðamóttökuskrá (#418)

Nú er hægt að senda Bráðamóttökuskrá rafrænt með Heklu. Einnig hefur verið bætt við hnappi sem segir til um hve margar útprentaðar síður nótan tekur.

tt#49247,tt#49248,tt#49657

● Eyðublað - Bráðamóttökuskrá (#418)

Nú er hægt að senda Bráðamóttökuskrá rafrænt með Heklu. Einnig hefur verið bætt við hnappi sem segir til um hve margar útprentaðar síður nótan tekur.

tt#49247,tt#49248,tt#49657

● Kerfisumsjón

Svæðinu "Enskt nafn" hefur verið bætt við skráningu á Stofnun, sviði, undirsviði og deild.

Eyðublað - Enskt læknabréf #297

Breytingar voru gerðar á útprentun á ensku læknabréfi:

Í haus hægra megin birtist nú:

- Enskt nafn sviðs (english_name sótt úr ga_organization)
- Enskt nafn deildar (english_name sótt úr ga_group)

Upplýsingar um sjúklinginn birtast nú á þennan hátt:

Regarding:

Patient ID No: 010101-1119



Jón Jónsson
D.O.B. January 1, 1901
Séstvallagata 1
101 Reykjavík
Iceland

Í fæti fyrir miðju birtist nú:

- Enskt heiti stofnunar (english_name sótt úr ga_organization)
- Enskt heiti deildar og location (english_name og location sótt úr ga_group)

ac#37412,tt#49263

● Eyðublað - #441 Tilvísun til þroska- og hegðunarstöðvar

Tveimur afritunarhnöppum hefur verið bætt við til að afrita í textasvæðið "Um hvað er beðið?". Annar hnappurinn afritar af nýjasta Samskiptaseðli og hinn afritar athugasemdir af nýjustu skoðun sem skráð er í Ung- og smábarnavernd.

ac#37871,tt#49525,tt#49526

● Eyðublað - Beiðni um ráðgjöf (#45)

Nú er aðeins hægt að velja úr viðtakendum sem hafa aðgang að Eyðublaðaeiningunni.

ac#38007,tt#49644,tt#49969

● Eyðublöð - Bréf- og greinargerðir (#75)

Innihald bréfs prentast nú út á eftir Sjúkdómsgreiningum.

ac#38017,tt#49655

● Eyðublað - Enskt læknaþréf #297

Nýr kafli "Upplýsingar um áfengi og/eða lyf" settur inn fyrir neðan Meðferðarkafli í eyðublaðinu. Upplýsingarnar birtast í textasýn og í útprentun.

Í kaflanum "Fyrri slys og áverkar" var textanum "Hvers konar?" breytt í "Ef já, lýsið fyrri slysum og áverkum"

ac#38173,tt#49731

● Eyðublöð - Samskiptaseðill v/sykusýki (#399)

Textasvæði fyrir athugasemdir læknis á samskiptaseðli v/sykusýki hefur verið stækkað. Það sýnir nú 15 línur í einu.

ac#38308,tt#49855

● Eyðublað - Tilkygning um fæðingu #167

Bætt var við eftirfarandi reitum í kaflann Meðganga og fæðing

1. Fyrsta og síðasta mæðraskoðun
- Þar sem hægt er að skrá Hæð og Þyngd og fá reiknaðan út LPS(BMI).
2. Fæðingarstelling
3. Stuðningur við spöng
4. Blæðing mæld(ml)
5. Blæðing áætluð(ml)

Reiturinn Annað var fjarlægður úr kaflanum.

Bætt var við eftirfarandi reitum í kaflann Barn

1. Barn lagt á brjóst
2. Barn fékk ábót
3. Þyngd barns við útskrift(kg)



Allir þessir reitir sendast með þegar blaðið er sent rafrænt.

ac#38337,tt#49885

● Eyðublað - Dagnóta #25

Nú er komin virkni til að afrita greiningar og meðferðir frá síðustu dagnótu. Þetta er gert með hnappi á kaflanum „Niðurstaða (Vinnugreining)“.

ac#38328,tt#49886

● Eyðublað - Tilkygning um fæðingu #167

Kennitala ljósmóður er nú vistuð á blaðinu og sendist með þegar blaðið er sent rafrænt.

ac#38350,tt#49902

● Eyðublað - Bráðamóttökuskra #418

Nótutextinn var fluttur úr MEMO_LONG í S_SHEET_MASTER yfir í CLOB_TEXT í S_SHEET_DETAIL.

ac#38346,tt#49905

● Eyðublað - Nýtt blað Dagdeildarskra #442

Blaðið er eins og dagnóta auk eftirfarandi viðbóta:

-Fyrirframskilgreindur texti fyrir nótu er skilgreindur í S_SHEET_INFO_DEPARTMENT.

-Blaðið inniheldur kafla fyrir greiningar og meðferðir og boðið er upp á afritun af síðasta blaði sömu tegundar af sömu deild.

ac#38345,tt#49906

● Eyðublöð - Virkni til að sjá hversu margar blaðsíður bréf rúmast á

Virkni til að sjá hversu margar blaðsíður bréf rúmast á, hefur verið yfirfarin á eftirfarandi blöðum:

(er) Slysadeildarbréf - Slysadeild #3,

(or) Læknabréf #12,

(er) Bréf og greinargerðir #75,

(er) Slysadeildarbréf - enskt #297,

Bráðamóttökuskra #418,

Almennt læknabréf #64

tt#49918

● Eyðublað - (or) Göngudeildarnóta #25

Nú afritast athugasemd greiningar og lýsing meðferðar einnig þegar afritað er mað „A“.

tt#50028

● Eyðublað - (or) Álit sérfræðings -svarblað

Svæði fyrir niðurstöður og ráðleggingar hefur verið stækkað úr 4 línur í 8 línur.

ac#38731,tt#50175

● Eyðublöð - afritun

Villa sem kom upp þegar blað var afritað milli samskipta hefur verið löguð.

ac#38748,tt#50192,tt#50242

● Eyðublað - Hjúkrunarbréf #85

Nú er kominn hnappur til að afrita virkar hjúkrunargreiningar inn á blaðið.



ac#38465,tt#50308

● Eyðublað - Aðgerðarlýsing #11

Öll lengri textasvæði hafa verið færð yfir í clob.

ac#38921,tt#50344

● Eyðublað - Bráðamóttökuskrá #418

Flýtihnöppum fyrir greiningar og meðferðir hefur verið breytt ásamt númeri flýtilista hvers hnapps. Flýtilistakóðarnir fyrir hnappana eru:

Greiningar-Slys/eitranir: 41812
Greiningar-Hjarta/æðakerfi: 41813
Greiningar-Geð/tauga: 41814
Greiningar-Einkennagreiningar: 41815
Greiningar-Lungu/melting/nýru: 41816
Greiningar-Annað: 41817

Meðferð-Inngrip/íhlutanir: 41818
Meðferð-HNE/augn: 41819
Meðgerð-Umbúðir: 41820
Meðferð-Rannsóknir/skoðun: 41821
Meðferð-Úrlausnir/ráðstöfun: 41822
Meðferð-Lyf/vökvar: 41823

ac#39192,tt#50499

● Eyðublað - Tilkygning um fæðingu (#167)

Sé kennitala föður útfyllt er athugað hvort hún sé til í þjóðskrá þegar reynt er að staðfesta blaðið.

Þegar farið með fókus úr reitinum Læknanúmer í kaflanum "Viðstödd í fæðingu" er nafn læknis uppfært skv. læknanúmeri hans. Ef læknir finnst ekki í læknastrá kemur viðvörðun.

ac#39243,tt#50529

● Eyðublöð

Í valmynd sem kemur upp þegar hægri-smellt er á lotu er nú hægt að breyta ábyrgjum hjúkrunarfræðingi, ásamt öðrum starfsmönnum.

ac#39406,tt#50659

● Lyfjaávisun - Rofnar pakkningar

Nú er hægt að senda lyfseðla með rofnum pakkningum í Sögunni. Ef t.d. á að afgreiða tvo og hálfan pakka af lyfi er skráð 2,5 í pakkningareit á lyfseðli.

Framsetning á lyfseðlum með rofnum pakkningum hefur verið breytt smávægilega í Medicor.

tt#50757,tt#50758,tt#50914

● Eyðublöð - rafrænar sendingar

Nú er hægt að senda Beiðni um heimahjúkrun (eb350) rafrænt með Heklu.

tt#50759,tt#50760,tt#50761

● Eyðublöð - rafrænar sendingar

Nú er hægt að senda Beiðni um heimahjúkrun (eb350) rafrænt með Heklu.

tt#50759,tt#50760,tt#50761

● Eyðublöð - Lyfseðill

Nú afritast ekki síðasta athugasemd sem gerð var við lyf þegar því var síðast ávísað.



ac#39581,tt#50853

● Eyðublöð - Bráðamóttökuskrá (eb418)

Nýr kafli fyrir lífsmörk. Hægt er að smella á hnapp til að afrita lífsmörk við innlögn inn á blaðið

ac#39629,tt#50869

● Eyðublað - Tilkynning um fæðingu #167

Kaflinn fjölskylda/aðstandendur hefur verið tekinn út. Hann birtist þó í textasýn fyrir eldri blöð.

ac#39805,tt#51097

● Eyðublað - (or) Hjúkrunarbréf (#85)

Textasýn fyrir „(or) Hjúkrunarbréf“ sýnir nú greiningar, innihaldslýsingu og þau atriði sem óskað er eftir fyrir heimahjúkrun.

tt#51154

● Eyðublað - Hjúkrunarbréf #85

Bætt hefur verið við kaflanum „Fjölskylda og aðstandendur“. Kaflinn birtist í textasýn og fylgir með þegar blaðið er sent rafrænt.

ac#39915,tt#51207

● Eyðublað - Meðferðarseðill, göngudeild #322

Kaflarnir „Ofnæmi“, „Ástæða komu“ og „Aðdragandi komu, saga og mat“ eru nú opnir þegar blaðið birtist.

ac#39980,tt#51209

● Eyðublað - Enskt læknabréf #297

Heitinu á kaflanum „Content“ hefur verið breytt í „Efni bréfs“.

ac#39981,tt#51210

● Eyðublað - „Klínískt rannsóknarsvar“ / „Niðurstaða meðferðar / rannsóknar“

Heiti blaðsðins „Klínískt rannsóknarsvar“ hefur verið breytt í „Niðurstaða meðferðar / rannsóknar“.

Hausinn í útprentun hefur verið uppfærður í samræmi við það.

Textasvæðið fyrir svar hefur verið stækkað þannig að núna sjást 15 línur.

ac#39983,tt#51212

● Eyðublað - Beiðni um þjónustu hjá VIRK #444

Nýtt eyðublað fyrir beiðni um þjónustu hjá VIRK. Á blaðið eru skráðar upplýsingar um starf þess sem biður um þjónustuna, sjúkdómsgreiningar, sjúkrasaga, rannsóknir, meðferð, endurhæfing, upplýsingar um hvort áfengi, lyfjaneysla eða vímuefnaneysla hafi verið vandamál og annað.

ac#39749,tt#51261

● Eyðublöð - Grunnvottorð vegna Krabbameins (#400) og Grunnvottorð vegna Nýrnabilunar (#413)

Bætti við möguleika á að senda vottorð rafrænt til Sjúkratrygginga Íslands

tt#51287

● Eyðublað - Bráðamóttökuskrá #418

Nú kemur ekki tóm lína á milli atriða í kaflanum „Nóta“. Ofnæmi er ekki afritað lengur inn á kaflann þar sem það er aðgengilegt í nýju aðvaranaskráningunni (Snjókornið).

Uppsetningu á kaflanum „Lífsmörk og mælingar“ hefur verið breytt þannig að í staðinn fyrir að hvert atriði



taki eina línu þá eru atriðin aðskilin með punkti. Kaflinn var minnkaður til samræmis við það.

Ekki komu nýjustu lífsmörk þegar þau voru sótt en það hefur verið lagað.

ac#40404,tt#51466

- Eyðublað - Bráðamóttökuskrá #418

Nú afritast athugasemdir með greiningum og lýsing með meðferð þegar afritað er af eldri blöðum.

tt#51654

- Eyðublað - (sp) Augnskoðun (#445)

Nýtt eyðublað er komið í Sögu sem er sérsniðið að þörfum augnlækna. Það byggir á eldra blaði, "(sp) Almenn skoðun", en hefur verið einfaldað og betrubætt. Hægt er að búa til gleraugnarecept beint úr blaðinu og beintenging er við Nidek-mælingatæki, sé ákveðin uppsetning til staðar.

Afritun á "(sp) Gleraugnarecept" (#304), ef búið er til gleraugnarecept með venjulegum hætti, tekur nú í staðinn mælingar af nýja blaðinu og hættir að tengjast hinu gamla. Þessi afritun er reyndar einungis í boði sé stilligildi 158 slökkt, og er þá afritað með því að smella á hnapp á receptinu, annars er notast við augnmælingar úr Mælingum.

Hægt er að afrita upplýsingar af "Augnskoðun" bæði á "Almennt læknaþrá" (#64) eða "Læknaþrá" (#186). "Almennt læknaþrá" er textasvæði þar sem allt afritast í texta, en á "Læknaþrá" eru greiningar og meðferðir afritaðar í þartilgerða kafla. Annað fer í textasvæðið.

tt#51397,tt#51512,tt#51888,tt#51916,tt#51917

- Eyðublaðaeining - Þakskírteini

Komið er nýtt eyðublað náskilt "TR-V lyfjakírteini" sem ber nafnið "TR-V Þakskírteini SÍ vegna lyfjakostnaðar."

Þetta eyðublað er notað þegar sjúklingur er kominn yfir ákveðinn lyfjakostnað á 12 mánaða tímabili. Þá getur lækni sótt um 100% greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands.

Virgni útfærð með þessu blaði:

- Hægt að búa til í eyðublaðaeiningunni.
- Senda rafrænt
- Skoða í textasýn

Þessi virkni kemur inn í útgáfur

- 3.1.35.20
- 3.1.36.1

tt#51934,tt#51935,tt#51963,tt#51976,tt#51992,tt#52017,tt#52018,tt#52019

Eyðublöð (gaSheetModule)

- Eyðublöð - Vandaliðun

Greiningar birtast nú í sömu röð í vandaliðunarglugganum og á eyðublaðinu. Meira pláss er fyrir greiningartexta í dálkahausum í vandaliðunarglugganum.

tt#46293

- Eyðublöð - vandaliðun

Eftirfarandi eyðublöð er nú hægt að vandaliða til viðbótar við vottorð, læknaþrá og hjúkrunarþrá sem áður var hægt að vandaliða, þ.e.a.s. tengja við greiningu á eyðublöðum. Þannig er hægt að vísa í að þau hafi verið gerð sem partur af eftirfylgni við meðferð sjúklingsins.

Ath. ekki eru þau öll virk samt og ekki endilega hægt að búa þau til, heldur var í sumum tilvikum verið að auðkenna þau betur þar sem þau eru hluti af sjúkrasögu sjúklings.

360Beiðni um alnæmis - og lifrabólguþróf

221Beiðni um blóðrannsókn
 406Beiðni um EKG, Holter, EEG
 229Beiðni um frumu- og vefjarannsókn
 350Beiðni um heimahjúkrun
 355Beiðni um myndgreiningu
 381Beiðni um myndgreiningu (Orkuhúsið)
 529Beiðni um myndgreiningu (Röntgen Domus)
 149Beiðni um speglun
 312Beiðni um sjúkraflutn. innan LSH
 63Beiðni um sýklarannsókn
 444Beiðni um þjónustu hjá VIRK
 530Beiðni um vefjarannsókn (Vefjarannsóknarstofan)
 56Beiðni um vökva- og saurrannsóknir
 311Blindir/sjónskertir -tilvísun
 378Innköllun í meðferð
 362Innlagnarbeiðni - Sóltún
 414MedicAlert
 222Niðurstöður rannsókna I
 361Niðurstöður rannsókna II (textasvar)
 382Niðurstöður rannsókna II (Orkuhúsið)
 528Niðurstöður rannsókna (Röntgen Domus)
 411Niðurstaða meðferðar / rannsóknar
 323Ómskoðun
 354Súrefnismeðferð
 346Tilvísun á BUGL
 417TR-V fylgiblað með reikningum v/milliríkjasamn.
 531Vefjarannsóknarsvar (Vefjarannsóknarstofan)
 313V-vottorðavottorð
 199(er) Rannsóknaniðurstöður v/ sykursýki
 420(hsu) Beiðni um blóðrannsókn
 374(HTÍ) Læknabréf
 164(or) Álit sérfræðings -svarblað
 238(er) Læknabréf v/sykursýki
 297(er) Slyshadeildarbréf - enskt
 300(pt) Læknabréf -BUGL
 398(x) Hjúkrunarbréf

ac#35310,ac#40906,tt#47531,tt#47532,tt#51855

● Eyðublöð

Stilligildi 143 („Skoða komu sjálfkrafa í Eyðublöðum“) og 144 („Sækja greiningar sjálfkrafa í Eyðublöðum“) stýra því hvort að þessar upplýsingar séu sóttar og birtar sjálfkrafa í Eyðublöðum eða hvort smella þurfi á viðeigandi hnapp í viðmótinu til að sækja þær. Ef gögnin eru birt sjálfkrafa þá eru hnapparnir faldir.

ac#35627,tt#47693

● Eyðublöð

Valmöguleikinn "Hefja ný samskipti" þegar hægri smellt er á atriði í samskiptatrénu hefur verið tekin út á þeim stöðum sem hann á ekki við. Nú er aðeins er hægt að hefja ný samskipti á ferli og lotum og samskiptum neðst í trénu.

ac#35892,tt#47986,tt#47988

● Eyðublöð

Afritun inn á Læknabréf #12 hefur verið fínstillt til þannig að upprunadeild hefur í vissum tilfellum áhrif þegar sjúkdómsgreiningar og aðgerðir eru afritaðar af Útskriftarnótum og Aðgerðalýsingum:

- Fyrst er afritað af Útskriftarnótu (upprunadeild skiptir ekki máli)
- Næst er afritað af Aðgerðalýsingum á sömu upprunadeild og Læknabréfið
- Loks er afritað af öðrum Aðgerðalýsingum



tt#48176,tt#48177

- Eyðublöð

Nú er hægt að draga samskipti til í trénu í Eyðublöðum og sleppa þeim á réttum stað, ef þau hafa verið stofnuð ranglega. Ath. að einungis er hægt að draga samskipti inn á legulotur, komur tengdar ferlilotum og í almennu nóðuna „Samskipti“.

ac#36303,tt#48376

- Eyðublöð

Eyðublöð í töflunni hægra megin við tréð raðast nú eftir dagsetningu en ekki eyðublaðanúmeri, þannig að ef t.d. eldra og áður staðfestu eyðublaði er breytt kemur það fyrir neðan blaðið sem var verið að breyta en ekki fremst/aftast í listanum. Sem fyrr stýrir stilligildi 56 því hvort sjálfgefin röðun er hækkandi eða lækkandi.

ac#36307,tt#48379

- Eyðublöð

